

Kennaraháskóli Íslands

**Vettvangsnám í kennaramenntun og
samstarf við starfsvettvang**

**Greinargerð og tillögur
frá
starfshópi um vettvangsnám**

Apríl 2008

© Anna Kristín Sigurðardóttir, ritstjóri skýrslu, Bryndís Garðarsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Júlía Þorvaldsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, Sigríður Pétursdóttir Sigríður K. Stefánsdóttir, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, Þuríður Jóhannsdóttir. Öll réttindi áskilin. Vettvangsnám í kennaramenntun og samstarf við starfsvettvang - Greinargerð og tillögur frá starfshópi um vettvangsnám.
Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf - KHÍ
ISBN 978-9979-793-84-7

Samantekt á tillögum

Um markmið og áherslur (kafli 3)

1. Meginmarkmið með vettvangsnámi er að kennaranemi fái tækifæri til að tengja saman fræðilega og verklega færni og öðlist faglegt og persónulegt öryggi til að takast á við starfið.
2. Við skipulag og ákvarðanatöku verði gengið út frá því að kennaramenntun sé sameiginlegt verkefni KHÍ, kennaranema og starfsvettvangs (leik-, grunn- eða framhaldsskóla). Fyrirkomulag skal undirstrika sameiginlega ábyrgð, gagnkvæma virðingu og ávinning fyrir alla aðila.

Um samstarf KHÍ og heimaskóla (kafli 4)

3. Áfram verði gerðir samningar við almenna leik- og grunnskóla sem fela í sér tvíþætt samstarf: annars vegar tekur skólinn að sér að vera heimaskóli ákveðins hóps kennaranema og hins vegar samstarf um skólaþróun og kennaramenntun almennt þar sem lögð er áhersla á gagnkvæman ávinning og faglegt námssamfélag.
4. Unnin verði handbók sem m.a. innihaldi nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um vettvangsnám fyrir alla aðila sem koma að vettvangsnáminu.
5. Auglýst verði eftir heimaskólum í apríl að vori fyrir næsta skólaár á eftir, leitað verði eftir skólum með fyrirmyndarstarf á sem flestum sviðum. Þeir verði valdir í samráði við kennaranema við upphaf náms, þar verði m.a. haft til hliðsjónar búseta nemenda, kjörsvið eða sértakar áherslur kennaranemans (fylgiskjal 4).
6. Heimaskólar tilnefna tengilið sem er samstarfsaðili KHÍ og starfar náið með verkefnisstjóra í KHÍ og öðrum sem koma að vettvangsnámi nemenda hverju sinni.
7. Lögð verði áhersla á að skapa skilyrði fyrir samstarfi starfsmanna KHÍ og kennara í heimaskóla (partnership). Samstarfið þróist á forsendum samstarfsaðila og feli í sér gagnkvæman ávinning og faglegt námssamfélag.

Um námsmöppur og námsmat (kafli 5)

8. Lagt er til að hver kennaranemi haldi námsmöppu (portfolio) yfir vettvangsnámið í heild sinni. Möppuna notar neminn til að skrá reynslu sem hann öðlast á vettvangi og halda til haga gögnum sem hann aflar sér í heimaskólanum. Þetta auðveldar nemanum að fá yfirsýn yfir vettvangsnámið og tengja saman einstök vettvangstímabil.
9. Allir kennaranemar gera námssamning við sinn heimaskóla þar sem fjallað er um réttindi og skyldur (fylgiskjal 5).
10. Námsmat byggist m.a. á námsmöppu, viðveru á vettvangi og verkefnaskilum sem eru hluti af námsmati í viðkomandi námskeiði sem hefur vettvangsnám innan sinna vébanda.

11. Sett er á stofn þriggja manna teymi sem skipað er af brautarstjórn kennarabrautar í KHÍ sem hafi það hlutverk að fjalla um vanda eða ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við vettvangsnám eða í samskiptum kennaranema og heimaskóla. Í því sitja verkefnisstjóri vettvangsnáms ásamt tveimur kennurum úr hópi kennara í KHÍ.

Um umfang og fyrirkomulag (kafli 6)

12. Vettvangsnám í námi til B.Ed gráðu verði áfram að lágmarki 24 ECTS einingar en vettvangstengingar verði í öllum námskeiðum. Koma skal fram í námskeiðslýsingum hvernig vettvangsnámi og vettvangstengingum er fyrir komið. Áfram verði gerður greinarmunur á vettvangsnámi og vettvangstengingum.
13. Verkefnisstjórar KHÍ um vettvangsnám hafa yfirumsjón með vettvangsnámi í námi til B.Ed.-gráðu. Stefnt skal að því að jafnframt verði verkefnisstjóra falin umsjón með vettvangsnámi í kennsluréttindanámi.
14. Allir kennaranemar fá mentor /leiðsagnarkennara úr hópi kennara við KHÍ við upphaf námstímans. Lagt er til að skipaður verði hópur sem mótar hlutverk þeirra.
15. Bókasafn KHÍ og þá sérstaklega kennslugagnasafn verði nýtt í þágu samstarfsins, þar fari m.a. fram fundir með tengiliðum auk þess sem verkefnisstjórar hafi þar aðstöðu til að hitta nema o.fl. Kannaður verði möguleiki á samstarfi kennslugagnasafns og símenntunarmiðstöðva og/eða háskólasetra á landsbyggðinni vegna þessa verkefnis.
16. Stærsti hluti vettvangsnáms í M.Ed. hluta námsins, verði svo kallað kandidatsmisseri (ígildi 30 ECTS) a.m.k. fyrir þá sem eru í fimm ára kennaranámi. Tekið verði tillit til þeirra sem eru í starfi meðfram námi eða hafa langa reynslu af starfi í útfærslu vettvangsnáms þeirra.
17. Unnar verði sambærilegar tillögur um vettvangsnám í kennsluréttindanámi þar sem tekið verði mið af núverandi skipulagi vettvangsnáms bæði í HÍ og KHÍ.

Um gæði og eftirlit (kafli 7)

18. Tengiliðum og vettvangskennurum verði boðið upp á námskeið um menntun kennaranema á vettvangi. Skipaður verði hópur til að útfæra þessi námskeið nánar.
19. Til að stuðla að sem mestum gæðum í vettvangsnámi verði m.a. skilgreind viðmið um gæði, gerðir verkferlar, safnað reglubundnum upplýsingum um viðhorf kennaranema, kennara KHÍ og kennara og stjórnenda heimaskóla, skoðuð útfærsla vettvangsnáms og tenginga í námskeiðum KHÍ.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
1.1. Um vinnu starfshóps	7
Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins.....	8
Fulltrúar í starfshópi.....	8
1.2. Inntak skýrslu.....	8
2. Forsendur fyrir vinnu hópsins.....	10
2.1. Fyrrri vinna í Kennaraháskóla Íslands	10
2.2. Viðhorf kennaranema.....	12
Niðurstöður rannsókna og kannana	12
Sjónarhorn eins kennaranema	15
2.3. Sameiginleg ábyrgð vettvangs og háskóla á menntun kennara – alþjóðlegt sjónarhorn	18
3. Vettvangsnám í kennaranámi.....	23
3.1. Hlutverk og ábyrgð samstarfsaðila	24
3.2. Helstu tillögur um markmið og áherslur í vettvangsnámi	24
4. Samstarfsskólar KHÍ / heimaskólar	26
4.1. Leik- og grunnskólar sem heimaskólar.....	26
Að velja heimaskóla.....	27
Hlutverk tengiliðar	28
Undirbúningur fyrir vettvangsnám hvers misseris.....	29
4.2. Leik- og grunnskólar sem samstarfsskólar KHÍ um kennaramenntun.....	29
Væntingar tengiliða í leik- og grunnskólum	30
4.3. Helstu tillögur um samstarf KHÍ og heimaskóla / samstarfsskóla.....	33
5. Kennaranemi í vettvangsnámi.....	34
5.1. Um gildi vettvangsnáms fyrir framvindu í námi.....	34
5.2. Námsmöppur og námsmat	36
Námsmappa í KHÍ	37
Námsmat	40
5.3. Námsamningar stúdenta og heimaskóla	41
Teymi um ágreiningsmál	42
5.4. Helstu tillögur um námsmöppur og námsmat	42
6. Fyrirkomulag og umfang vettvangsnáms í KHÍ	43
6.1. Umfang	43
6.2. Hlutverk þeirra sem koma að vettvangsnámi í KHÍ	43
Verkefnisstjórar.....	43
Umsjónarkennarar á námskeiðum í KHÍ	44
Leiðsögukenndari/mentor	45
6.3. Tengsl við kennslugagnasafn KHÍ.....	46
6.4. Munur á vettvangsnámi og vettvangstengingu	46
6.5. Vettvangsnám í 5 ára kennaranámi.....	47
6.6. Vettvangsnám í kennsluréttindanámi.....	48
6.7. Helstu tillögur um umfang og fyrirkomulag.....	48
7. Að stuðla að gæðum vettvangsnáms.....	50
7.1. Viðhorf nema til veru í heimaskólum á 1. misseri.....	50
7.2. Helstu tillögur um mat á gæðum vettvangsnáms	52

8. Fjármál	53
9. Að lokum	54
Heimildir og tengt lesefni:	55

Fylgiskjöl (viðaukar)

1. Samþykkt námsnefndar, 16. janúar 2007
2. Úr fundargerð sameiginlegra deildarráða 24. apríl 2007
3. Samningur við heimaskóla
4. Verkferill við val á heimaskóla
5. Námssamningur milli kennaranema og heimaskóla
6. Nokkur dæmi um framkvæmd vettvangstenginga

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er lýst hugmyndum og tillögum starfshóps um vettvangsnám sem skipaður var af brautarstjórn kennarabrautar við Kennaraháskóla Íslands í september 2007. Tillögurnar sem hér eru settar fram varða fyrst og fremst vettvangsnám í leikskólakennarafræðum og grunnskólakennarafræðum og tengsl við leik- og grunnskóla sem samstarfsaðila. Auk þess er fjallað um fyrirkomulag á vettvangsnámi í kennsluréttindanámi og í lengdu kennaranámi.

Hér eru settar fram tillögur sem þarfnast margar hverjar frekari útfærslu og umæðu við samstarfsaðila okkar í leik- og grunnskólum. Sumar þessara tillagna er einfalt að framkvæma á meðan aðrar eru flóknar og snerta marga þætti kennaramenntunar. Ennfremur ber að hafa í huga að breytt fyrirkomulag á vettvangsnámi er þegar komið til framkvæmda að nokkru leyti í kennaranámi. Hópurinn ákvað engu að síður að fjalla um það sem þegar hefur verið framkvæmt til að ná fram heildarmynd. Starfshópurinn leitaði víða fanga í vinnu sinni og fór á köflum nokkuð út fyrir skilgreint verksvið sitt eins og kemur fram í þessari skýrslu.

1.1. *Um vinnu starfshóps*

Starfshópurinn hélt samtals 14 fundi á tímabilinu 19. september 2007 til loka janúar 2008. Starfshópurinn kynnti helstu tillögur fyrir brautarstjórn kennarabrautar þann 18. janúar og fyrir kennurum kennarabrautar þann 18. febrúar 2008. Auk þess komu inn ábendingar og hugmyndir frá fundum verkefnisstjóra sem haldnir voru í janúar 2008 með tengiliðum úr grunnskólum og skömmu síðar með tengiliðum úr leikskólum. Starfshópurinn beitti sér jafnframt fyrir opnum fundi á kennarabraut þar sem Helga Jóhannsdóttir lektor við háskólann í Osló kynnti fyrirkomulag á samstarfi háskólans við starfsvettvang um menntun ráðgjafa í barnavernd. Hún sagði einnig frá nýútkominni bók sinni *Kunnskap í læring og praksis*.

Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins

Starfshópnum var falið að gera tillögur til brautarstjórnar um útfærslu á samþykkt námsnefndar um vettvangsnám frá 16. janúar 2007 (fylgiskjal 1).

Í erindisbréfi hópsins voru helstu verkefni skilgreind. Þau voru:

- Að útfæra hugmyndir um heimaskóla fyrir alla kennaranema í grunnnámi á kennarabraut þ.m.t. fyrirkomulag á samskiptum milli KHÍ og heimaskóla.
- Að gera tillögu um útfærslu á verk möppum kennaranema.
- Að útfæra hugmynd um leiðsögu kennara/mentor í vettvangsnámi innan KHÍ.
- Að standa fyrir opnum fundum fyrir kennara í KHÍ um vettvangsnám.
- Að gera tillögur um fyrirkomulag á utanumhaldi um vettvangsnám í KHÍ og möguleg tengsl í við kennslugagnasafn.

Fulltrúar í starfshópi

Brautarstjórn leitaði til aðila um að sitja í hópnum og óskaði eftir fulltrúum kennaranema.

Hópin skipuðu:

Anna Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður kennarabrautar, stýrði störfum hópsins

Bryndís Garðarsdóttir, lektor

Hafþór Guðjónsson, dósent

Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor og oddviti kjörsviðs, *Tónlist, leiklist, dans*

Hrönn Pálmadsdóttir, lektor og umsjónarmaður leikskólaleiðar

Júlía Þorvaldsdóttir, fulltrúi stúdenta

Lilja M. Jónsdóttir, lektor

Sigríður Pétursdóttir, verkefnisstjóri vettvangsnáms

Sigríður K. Stefánsdóttir, verkefnisstjóri vettvangsnáms

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, fulltrúi stúdenta

Puríður Jóhannsdóttir, lektor

Bryndís Jónsdóttir fulltrúi á kennsluskrifstofu skrifaði fundargerðir .

1.2. Inntak skýrslu

Greinargerð þessi skiptist í átta meginkafla. Í 2. kafla er fjallað um þær forsendur sem hópinn lagði til grundvallar í vinnu sinni, s.s. fyrri ákvarðanir í KHÍ um vettvangsnám, sjónarmið kennaranema og fyrirkomulag vettvangsnáms í nágrannalöndum. Í 3. kafla er fjallað almennt um vettvangsnám, markmið og hlutverk þess í kennaranámi og um mismunandi hlutverk KHÍ, kennaranema og heimaskóla. Fjórði kafla fjallar um tengsl við

almenna leik- og grunnskóla, annars vegar sem heimaskóla ákveðins hóps kennaranema og hins vegar um samstarf við skólana sem samstarfsaðila KHÍ um kennaramenntun og skólaþróun almennt. Kafli 5 er tileinkaður kennaranemanum, stutt umfjöllun er um gildi vettvangsnáms í námi kennaranema, um námsmöppur og um námsmat. Í 6. kafla er leitast við að útskýra fyrirkomulag og umfang vettvangsnáms í KHÍ þ.m.t. helstu hlutverk og verkaskiptingu. Ennfremur er þar sett fram tillaga um fyrirkomulag vettvangsnáms í lengdu kennaranámi. Í 7. kafla eru settar fram tillögur um hvernig megi stuðla að sem mestum gæðum í vettvangsnámi og í 8. kafla er stutt umfjöllun um fjármál. Í lok hvers kafla er samantekt á helstu tillögum sem varða það sem fjallað er um í viðkomandi kafla. Þessar tillögur eru ennfremur kynntar í upphafi skýrslunnar.

2. Forsendur fyrir vinnu hópsins

Við umfjöllun um vettvangsnám leitaði hópurinn víða fanga. Fyrst og fremst byggði hópurinn á fyrri vinnu og samþykktum í Kennaraháskólanum enda var honum það uppálagt í erindisbréfi. Í öðru lagi var reynt að hafa viðhorf kennaranemanna sjálfra til hliðsjónar og í þriðja lagi var horft til þess sem er að gerast í skipulagi vettvangsnáms í nágrannalöndum okkar. Um þessa þrjá þætti er fjallað hér á eftir en rétt er að taka fram að hópurinn leitaði einnig eftir upplýsingum um væntingar heimaskóla og samstarfsaðila KHÍ, sem geta flokkast undir forsendur, en þessum væntingum er lýst í 4. kafla.

2.1. Fyrri vinna í Kennaraháskóla Íslands

Skipulag vettvangsnáms hefur lengi verið til umræðu meðal starfsmanna Kennaraháskólans og fyrirkomulag þróast í takt við breytta tíma, enda er um að ræða mikilvægan þátt í menntun hvers kennara. Ekki er gerð grein fyrir þeirri þróun hér heldur einungis bent á örfá atriði sem skipta máli fyrir þær tillögur sem hér eru settar fram.

Deildarráð kennaramenntunardeildar KHÍ skipaði vinnuhóp árið 1997 undir stjórn Auðar Torfadóttur til að gera tillögur um framtíðarskipan vettvangsnáms í ljósi þess að grunnskólinn var að flytjast til sveitarfélaga. Þá var Æfingaskóli KHÍ lagður niður sem slíkur, en fram að þeim tíma höfðu æfingakennarar vinnuskyldu bæði í KHÍ og Æfingaskólanum og áttu mikinn þátt í að skipuleggja vettvangsnám og leiðbeina kennaranemum í vettvangsnámi (Auður Torfadóttir, 1997).

Deildarráð grunndeildar skipaði starfshóp í september 2001 til að m.a. leggja mat á stöðu vettvangsnáms við Kennaraháskóla Íslands og gera tillögur um framtíðarskipan þess. Hópurinn skilaði skýrslu í desember 2002 og setur þar fram tillögur og hugmyndir sem líklegar eru til að efla vettvangsnám. Fram kemur að sóknarfæri séu einkum varðandi þrjá þætti. Í fyrsta lagi að tengja enn betur saman ákveðna fræðilega áfanga og nám á vettvangi. Í öðru lagi að styrkja nánara samstarf við leiðbeinendur á vettvangi og í þriðja

lagi að gera námsmat í vettvangsnámi markvissara. Einnig kemur fram í skýrslunni að mikilvægt sé að skoða hvort unnt sé að þróa vettvangsnámið í auknum mæli með einstaklingsbundnum hætti, með hliðsjón af reynslu og áætlunum hvers nemanda (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2002). Ennfremur má nefna greinargerð vegna vettvangsnáms 2003 – 2004, þar sem Bryndís Garðarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir fjalla um og leggja mat á vettvangsnám II á leikskólabraut. Þær könnuðu m.a. viðhorf nemenda, æfingakennara og verknámskennara í KHÍ.

Starfshópur sá sem hér skilar sínum niðurstöðum byggði vinnu sína á allri þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram innan skólans en þó fyrst og fremst á samþykkt námsnefndar (fylgiskjal 1) frá 16. janúar 2007 og fundargerð sameiginlegs fundar deildaráða þann 24. apríl 2007 (fylgiskjal 2). Í þessum fundargerðum og samþykktum kemur fram að eftirfarandi hefur verið ákveðið:

1. Kennanemar fái leiðbeinanda/mentor úr hópi kennara í KHÍ sem veiti nemendum stuðning við að flétta saman fræði og starfsreynslu á markvissan hátt.
2. Kennaranemar haldi saman gögnum sem sýna framvindu vettvangsnáms í námsmöppu.
3. Samkomulag verði gert við leik- og grunnskóla sem verði heimaskólar ákveðins hóps nema og þeir hafi aðgang að á námstímanum.
4. Að lágmarki verði 24 ECTS ætlaðar í vettvangsnám í námi til B.Ed gráðu.
5. Myndaður verði vinnuhópur sem heldur utan um breytingar á vettvangsnámi.
6. Á haustmisseri (2007) verði haldið málþing (seminar) þar sem fjallað er um fræðilega sýn á vettvangsnám og þátt þess í kennaranámi.
7. Skilgreina þarf vel muninn á vettvangstengingu og vettvangsnámi.

Þegar hópurinn hóf störf hafði fyrsti árgangur þegar hafið nám samkvæmt nýju skipulagi. Vettvangsnám er samofið námskeiðum og dreifist á allan námstímann í ríkari mæli en áður. Gerðir hafa verið samningar við um 80 leik- og grunnskóla um að vera heimaskólar ákveðins hóps kennaranema og hafa þeir þegar hafið sitt vettvangsnám þar. Í upphafi árs 2008 voru settir á dagskrá fundir kennara af kjörsviðum í KHÍ og kennara í viðkomandi faggrein í heimaskólum um inntak og skipulag vettvangsnáms.


Á starfstíma hópsins kom fram á Alþingi frumvarp til laga þar sem ákvæði eru um að lengja kennaramenntun í fimm ár úr þremur sem gerði það að verkum að hópurinn ákvað að fjalla um vettvangsnám í fimm ára kennaranámi.

2. 2. Viðhorf kennaranema

Ein af forsendum sem hópurinn hafði til hliðsjónar eru sjónarmið kennaranemanna sjálfra. Tveir fulltrúar tóku virkan þátt í störfum hópsins og höfðu þannig áhrif á tillögur hópsins. Nýlega lauk Sigríður Pétursdóttir meistaraþrófsrannsókn á viðhorfum kennaranema og viðtökukennara á grunnskólabraut í KHÍ (Sigríður Pétursdóttir, 2007) auk þess sem viðhorf kennaranema hafa verið könnuð með óformlegri hætti af og til (t.d. Bryndís Garðarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2004). Hér á eftir er annars vegar fjallað í stuttu máli um þessi viðhorf eins og þau birtast m.a. í rannsókn Sigríðar og hins vegar er lýsing eins kennaranema á grunnskólakennaraleið á því hvernig hann getur séð vettvangsnámið fyrir sér þegar það gerist sem best.

Niðurstöður rannsókna og kannana

Rannsókn Sigríðar Pétursdóttur var gerð á skólaárinu 2005-2006. Hún tók til viðhorfa kennaranema á síðasta námsári á grunnskólabraut sem höfðu lokið öllu vettvangsnámi á brautinni. Þeir voru m.a. beðnir að meta á skalanum 1 – 5, hversu lærdómsríkt vettvangsnám þeirra var og voru þeir beðnir um að meta það út frá nokkrum fyrirframgefnum atriðum. Niðurstöðurnar má lesa í töflunni hér á eftir.



Í niðurstöðum kemur skýrt í ljós hve hlutverk viðtökuskólans er gríðarlega mikilvægt í augum kennaranema. Um 90% þeirra finnst skipta mjög miklu máli að finna sig velkomin í skólann þar sem vettvangsnámið fer fram. Þetta atriði sker sig úr hvað snertir mikilvægi.

Leiðsögn viðtökukennara og öll samskipti við þá eru einnig mjög mikilvæg að mati kennaranema. Þeim finnast öll atriðin sem nefnd eru og snerta starfið á vettvangi beint, vera mjög mikilvæg, hvort sem um er að ræða nemendur, námsefni, kennsluaðferðir eða samskipti við viðtökukennarana sjálfa. Nemunum finnst þó ekki skipta máli hvort þeir hafi svipuð viðhorf til skólastarfs og viðtökukennarinn. Svipuð sjónarmið komu fram í könnun þeirra Bryndísar og Hrannar (2004) á viðhorfum kennaranema á leikskólabraut sem mátu leiðsögn æfingakennarans mikils og leikskólastjóri og annað starfsfólk leikskólans sýndu vinnu þeirra áhuga.

Niðurstöður bæði úr rannsókn Sigríðar og könnun Bryndísar og Hrannar benda til þess að þegar nemarnir eru á vettvangi vilji þeir einbeita sér að því sem gerist þar en séu ekki eins mikið með það sem snýr að KHÍ í huga. Æfingakennarar í leikskólunum segjast verða varir við togstreitu hjá nemunum milli þess að taka þátt í starfi leikskólans og að vinna ýmis skólaverkefni sem þeim eru sett fyrir. Einnig sést að kennaranemum á grunnskólabraut finnast heimsóknir leiðsagnarkennara KHÍ meðan á vettvangsnámi stendur ekki skipta miklu máli. Þá finnst nemunum samræður við viðtökukennara á tímabilinu mun mikilvægari en samræður við leiðsagnarkennara og samnemendur í KHÍ. Það bendir til þess að kennaranemar vilji glíma við eigin aðstæður á vettvangi án þess að tengja þær fræðum sem þeir hafa verið að læra í KHÍ og/eða bera sig saman við aðra kennaranema. Þeir vilja helst ræða við viðtökukennarann um praktísk mál sem upp koma í vettvangsnáminu.

Kennaranemum í rannsókn Sigríðar gafst kostur á að nefna þætti sem þeim fundust mikilvægir og ekki voru á listanum hér að ofan. Margir nefndu það mikilvægt að fá að kynnast skólanum vel og jafnvel yfir lengri tímabil en nú er; að mikilvægt sé að kynnast sögu skólans, venjum og einkunnarorðum. Að mikilvægt sé að þekkja innra skipulag skólans og þá hugmyndafræði sem hann starfar eftir.

Bæði í rannsókn Sigríðar og könnun þeirra Bryndísar og Hrannar kom fram mikilvægi góðs samstarfs viðtökukennara og leiðsagnarkennara og bent á að viðtökukennari /æfingakennari komi að undirbúningi vettvangsnámsins.

Einnig kom fram að nemum á grunnskólabraut fannst ekki nægileg samfella milli einstakra vettvangstímabila í kennaranáminu og að ekki væri nægilega vel byggt á því sem á undan væri komið í náminu. Um samhengi og dýpkun í vettvangsnáminu sem heild eins og það snýr að hinum einstaka kennaranema sýna niðurstöðurnar að nemum fannst vera gott samhengi á milli tveggja fyrri tímabilanna, en hið síðasta, Vettvangsnám III í kjörsviðsgreinum, skar sig úr. Ekki virðist hafa náðst að gera nægilega samfellu úr kennslufræðinámskeiðum í kennaranáminu með stíganda í vettvangsnámi í huga. Sérstaklega kom þetta fram í skoðun nemanna á því hvort vísað hafi verið til kennslufræði í fyrri hluta námsins og hvort þeim fyndist vettvangsnám í fyrri hlutanum koma þeim að notum í Vettvangsnámi III þegar þeir kenndu kjörsviðsgrein sína á síðasta ári í kennaranámi (Sigríður Pétursdóttir, 2007). Í skýrslu vinnuhóps deildarráðs kennaramenntunardeildar KHÍ frá 1997 koma fram svipuð viðhorf sem benda til þess að á þeim tíma hafi einnig verið um þessi skil að ræða; að á vettvangsnámi á 1. og 2. ári hafi verið fastmótað yfirbragð en skipulagið hafi ekki verið eins markvisst hvorki hvað snertir undirbúning né úrvinnslu á 3. ári (Auður Torfadóttir o.fl., 1997).

Sjónarhorn eins kennaranema

Í kaflanum hér á eftir hljómar rödd eins kennaranema sem lýsir hér draumsýn sinni á því hvernig gott vettvangsnám í kennaranámi getur litið úr. Tekið skal fram að sumt af því sem hér er lýst er nú þegar til staðar í kennaranámi en annað ekki.

Upphaf

Ákjósanlegt væri að kennaranemi fengi eitthvað að segja um val sitt á heimaskóla. Oft hafa þeir hugmynd um hverju þeir leita eftir í sínu vettvangsnámi og hafa sérstakar áherslur í huga. Einnig þarf að hafa í huga að kennaranemi geti fengið aðstoð við val heimaskóla út frá hans hugmyndum ef hann veit ekki hvaða skóli býður upp á það sem hann leitar eftir.

Þegar skóli hefur verið valinn þarf kennarnemi að vita að boðleiðir séu skýrar. Hvar ábyrgðin liggur, hans ábyrgð, KHÍ og heimaskólans. Með því að hafa þetta skýrt og skiljanlegt veit hver og einn hvert á að leita ef eitthvað þarf að athuga. Einnig ætti að

hvetja heimaskólann sem og kennarnemann til að láta í sér heyra ef eitthvað mætti betur fara svo ekki sé alltaf verið að ganga á sömu lokuðu hurðirnar. Mistök eru ekki heimsendir heldur leið til að læra og gera betur næst, mikilvægt er að allir skilji að það má skipta um skoðun og breyta.

Að hausti er kennarnemi kallaður inn til undirbúnings í sínum heimaskóla og fær hann að taka þátt í því sem þar fer fram. Gagnlegt er að hann fái netfang innan heimaskólans svo hann geti fylgst með upplýsingum eða tilkynningum sem aðrir kennarar skólans fá. Með því fær hann forskot til að koma sér inn í málin áður en hann fer inn í skólasamfélagið. Áður en kennaraneminn kemur inn í skólasamfélagið af krafti væri æskilegt að skólastjórnandi sendi út tilkynningu til annarra kennara og starfsfólks þess efnis að kennaranemi sé að koma til starfa við skólann. Nafn kennaranemans ætti að koma fram, hversu lengi hann verði, til hvers er ætlast af honum og til hvers er ætlast af kennurum og starfsfólki heimaskólans sem tengjast þeirri samvinnu. Allir þurfa að vita að kennaraneminn á að upplifa sig sem einn af hópnum, hann tilheyrir skólasamfélaginu og á að fá að taka fullan þátt í því.

Þegar kennaraneminn mætir í fyrsta sinn í heimaskólann ætti skólastjórnandi að taka á móti honum á einhverskonar fundi. Á honum væri skynsamlegt að fara yfir starfsemi skólans, afhenda honum upplýsingar um skólann og starfsfólkið. Þessi fyrsti fundur leggur línurnar, því er afar brýnt að hann heppnist vel og fundurinn sé vel undirbúinn. Ef grunnurinn er vandaður sparast mikill tími og vinna fyrir alla sem að koma. Mikilvægt er að kennarneminn finni til sjálfstæðis strax í upphafi. Hluti af því er að hann viti sem mest um skólann, þekki umhverfið, helstu áherslur hans, viti hvar hlutirnir eru og hvert er hægt að leita ef ákveðin aðföng eða upplýsingar vantar. Þessir hlutir lærast svo betur þegar reynsla kemst á en góð kynning er grundvallaratriði.

Að fundinum loknum er kennaraneminn kynntur fyrir starfsfólki og kennurum og hann boðinn velkominn í hópinn. Ef viðkomandi kennaranemi á að vera í sama skólanum í þrjú ár skiptir máli að hann finni sig fljótt í umhverfi hans.

Þegar starfið er komið af stað og kennaraneminn farinn að vinna með heimaskólanum sínum er gott að hann geti leitað til eins einstaklings innan skólans sem ætti þá

væntanlega að vera viðtökukennari. Eðlilegast væri að kennaraneminn gæti leitað til hans varðandi verkefnagerð, þó það snerti ekki viðtökukennarann alltaf. Viðtökukennarinn sér þá um að koma kennaranemanum í samband við þann sem hefur með málið að gera hverju sinni.

Eftirlit/gæði

Eftirlitið skiptir máli varðandi vettvangsnámið. Það er hagur allra að þeir aðilar sem koma að því séu að vinna vinnuna sína og hún sé sýnileg. Með þessu er átt við að KHÍ fylgist með því að heimaskólarnir standi fyrir því sem þeir voru valdir eftir og sinni þeim kennaranemum eins og til er ætlast. Það er svo á ábyrgð kennarnemans að láta vita ef eitthvað stenst ekki eða ef betur má fara (þetta á við bæði um KHÍ og heimaskólann). Hann á einnig að vera ábyrgur fyrir sínu vettvangsnámi og starfa í takt við þau markmið sem sett eru. Heimaskólinn ber svo ábyrgð á að láta KHÍ vita ef kennarneminn er ekki að standa sig sem skyldi sem og að kalla eftir því að KHÍ uppfylli það sem honum ber, ef misbrestur er þar á. Þetta er einskona hringur sem gæti myndast og skiptir máli að samskipti séu hreinskiptin og heiðarleg. Það sem kemur upp á ætti að vera til úrbóta og fólk ætti að læra af reynslunni.

Í beinu framhaldi af eftirliti/gæðum er rétt að nefna örstutt í lokin hugmynd sem varðar tengilið/mentor. Það gæti skipt sköpum í vettvangsnámi að hafa tengilið sem tengir saman kennarnema, KHÍ og heimaskóla og myndi einhverskonar keðju. Með því að hafa tengilið styttest boðleiðir, verkferlar verða einfaldari, ábyrgðin skýrari og lausn leiða auðveldari. Hvernig sú vinna yrði útfærð set ég í hendurnar á reyndara fólki en óska þess að í nánustu framtíð verði þessu komið á koppinn.

Margt af því sem hér er nefnt er ekki framkvæmanlegt eins og staðan er nú.

Grunnskólarnir byrja augljóslega fyrr en KHÍ á haustin og því er greinilegt að kennaranemi getur ekki tekið þátt í haustundirbúningi sem leggur línurnar fyrir veturinn í hverjum skóla. Þetta er afar dapurt atriði í ljósi þess að heimaskólar eru settir á svo kennaranemar fái betri innsýn í ALLT skólastarfið. Það hlýtur að skipta máli að þeir fái að upplifa þennan hluta skólastarfsins. Þetta væri hægt að leysa með kandídats-ári eins og talað hefur verið um í fimm ára kennaranámi.

2.3. Sameiginleg ábyrgð vettvangs og háskóla á menntun kennara – alþjóðlegt sjónarhorn

Víða um heim hefur að undanfögnu orðið þróun í þá átt að færa kennaramenntun í auknum mæli út í skólana og benda má á dæmi um þetta í Bandaríkjunum og Englandi og Wales svo og á Norðurlöndunum. Ástæðurnar eru raktar til þess vanda sem kennaramenntun hefur löngum glímt við sem er bilið á milli kenninga og starfs, á milli teoríu og praxís sem meðal annars lýsir sér í því sem stundum er nefnt praxís-sjökk sem kennarar verða fyrir fyrstu árin í kennslu.

Á Norðurlöndunum má víða sjá þróun í átt til að efla samstarf vettvangs og háskóla um kennaramenntun og er þar talað um *praksisfælleskap* (da) eða *partnerskap* (no). Venjulega þýðir þetta aukna áherslu á það nám sem fer fram á vettvangi og verulega aukinn tíma sem ætlaður er í vettvangsnám og æfingakennslu¹. Í Noregi var þannig sett ný reglugerð um kennaranám árið 2003 þar sem lögð er áhersla á hlutverk vettvangsnáms í leikskólakennaranámi, almennu kennaranámi og kennsluréttindanámi. Þar er sett í forgrunn alhliða kynni kennaranema af vettvangi og áhersla á tengsl kenninga og iðkunar starfs. Þetta kemur fram í skýrslu um úttekt á framkvæmd vettvangsnáms í kjölfar reglugerðarinnar (Ramboll management, 2007). Af þessari skýrslu má draga margvíslega lærdóma um að hverju þarf að hyggja til að samstarf skóla og kennaramenntunar skili árangri. Svipaðar áherslur voru lagðar til í Svíþjóð árið 1999/2000 (Sjá <http://www.regeringen.se/content/1/c4/26/45/df80f045.pdf>)

Í Svíþjóð kom nýskipan kennaranáms til framkvæmda árið 2001 og meðal annars voru tengsl við vettvang endurskipulögð frá grunni í nánú samstarfi við sveitarfélög. Háskólarnir fengu frjálsar hendur um útfærslu vettvangsnámsins og er hér byggt á heimildum frá Kennaraháskólanum í Malmö. Þar var samband við vettvang fært í það horf að kennaranemar eiga heimahverfi/heimaskóla þar sem þeir eru í vettvangsnámi, bæði yfir samfelld tímabil og staka daga. Kennaraneminn vinnur með teymi eða

¹ Sjá dæmi frá Háskólanum í Bergen. Þróunarverkefni um partnerskap, eins árs kennsluréttindánám með 14 vikum á vettvangi. <http://www.uib.no/ipp/partnerskole.htm>

samstarfshópi fagfólks á vettvangi. Í nýja skipulaginu vinna kennaranemarnir út frá þeirri starfsemi sem er í gangi í skólunum en það felur til dæmis í sér að þeir koma ekki með kennsluáætlanir sem unnar eru fyrirfram í kennaraháskólanum í vettvangsnám og þegar kemur að ígrundun er unnið út frá atburðum sem gerast á vettvangi. Mikil áhersla er lögð á að nemarnir kynnist skólastarfi sem *þátttakendur* í því og komi skólanum að notum bæði sem fullorðnir einstaklingar sem bætast við starfsmannahópinum og sem þátttakendur í umræðum um starfið. Með því að vera lengi á sama stað kynnast þeir bæði daglegu starfi og hafa tækifæri til að ígrunda og velta fyrir sér því sem gerist í skólaumhverfinu (Rosenquist o.fl., 2003).

Víða má finna dæmi um aukin tengsl háskóla og starfsvettvangs. Eitt dæmi er frá kennaramenntunardeild Utrecht-háskóla í Hollandi þar sem Korthagen og Kessels starfa og hafa rannsakað og skrifað mikið um kennaramenntun (Korthagen og Kessels, 1999). Þar er lögð áhersla á að nemarnir öðlist *reynslu* af námi og kennslu strax frá upphafi kennaranáms. Nemarnir skrá reynslu sína og fá síðan leiðsögn við að ígrunda og vinna úr reynslunni. Rökin eru þau að þannig verði neminn meðvitaður um eigin hugmyndir og um leið betur í stakk búinn til að skilja hugmyndir annarra. Hafþór Guðjónsson (2007, 2005) hefur fjallað um kennaranám og m.a. byggt umfjöllun sína á skrifum Korthagen og félagans hans. Hafþór telur að það sé lykilatriði í kennaramenntun að mæta kennaranemum á þeirra eigin forsendum og vinna út frá þeim hugmyndum sem þeir hafa gert sér um skólastarf. Markmiðið er þá að þeir *þrói* eigin hugmyndir í ljósi reynslu af vettvangi og með hliðsjón af fræðikenningum. Að mati Hafþórs er kennaranám af þessu tagi mun líklegra til að skila árangri en hefðbundið kennaranám sem miðast gjarnan við að koma þekkingunni (því sem aðrir hafa hugsað) „til skila“ í þeirri von að kennaraneminn geti notað hana á vettvangi. Þegar kennaranemi þróar hugmyndir sínar í samspili við vettvang, fræðigreinar og annað fólk er líklegt að þær verði smám saman raunveruleg starfsþekking. Tilbúin þekking sem kennaranemi þiggur af öðrum gleymist yfirleitt fljótt. Þekking sem kennaranemi skapar sér sjálfur út frá eigin reynslu og í gegnum ígrundun og umræður verður „hans“ og býr því með honum til frambúðar.

Þuríður Jóhannsdóttir hefur í yfirstandandi doktorsrannsókn rannsakað tengsl fræða og praxís í kennaranámi, einkum fjarnema sem vinna við kennslu jafnframt náminu (Þuríður Jóhannsdóttir, 2005, 2007). Eftirfarandi samantekt er úr skrifum hennar.

Í Bandaríkjunum hafa að frumkvæði kennaramenntunardeilda í háskólum verið stofnaðir svonefndir Professional Development Schools (Cochran-Smith & Lytle, 1999) í þeim tilgangi að brúa bilið á milli skólanna og háskólanna. Tilgangurinn er að bæta grunnmenntun kennara svo og símenntun í skólunum en líka efla samstarf um rannsóknir. Talað er um *partnership* eða samábyrgð skóla og háskóla. Þetta er verkefni er enn í þróun og árið 2006 voru yfir þúsund slíkir þróunarskólar starfandi (Darling-Hammond, 2006). Sú hugmyndafræði sem þeir byggja á hefur verið gagnrýnd fyrir að byggja ekki á yfirlýstum kenningalegum grunni en undirliggjandi virðast vera kenningar hugsmíðahyggju, kenningar um hinn íhugandi iðkanda (*reflective practitioner*) ásamt kenningum um aðstæðubundið nám (situated learning) sem leggur áherslu á hlutverk samfélags iðkenda (*communities of practice*) og gildi samvinnu (Edwards, Gilroy, & Hartley, 2002; Mayes, 1998).

Í Englandi og Wales kom frumkvæði að auknu samstarfi háskóla og almennra skóla frá stjórnvöldum árið 1993 þegar menntamálaráðuneytið setti stefnu um að kennaramenntunin skyldi vera rekin í félagi (*partnership*) skólanna og háskólanna sem bæru á henni sameiginlega ábyrgð. Þetta var gert til að efla kennaramenntun og brúa bilið á milli fræðilegs háskólanáms og vettvangsnáms (Furlong, Barton, Miles, Whiting, & Whitty, 2000). Áhersla var lögð á mikilvægi þess að kennaranemar lærðu aðstæðubundna verklagsþekkingu af reyndum kennurum í skólunum.

Anne Edwards, sem nú er prófessor í Oxfordháskóla, hefur síðan þessi breyting var gerð stundað viðamiklar rannsóknir á framkvæmdinni á vettvangi og velt fyrir sér hvernig kennaranemar læra í skólunum og hvernig kennarar á vettvangi standa að því að taka að sér það hlutverk að kenna kennaranemum í þessu nýja fyrirkomulagi (Edwards & Protheroe, 2003, 2004). Hún hefur bent á að við innleiðingu breytinga á borð við þessar sé mikilvægt að byggja á traustum kenningalegum grunni. Í þessu tilviki var ætlunin að bæta fagmennsku kennara með því að leggja áherslu á gildi þess að læra til starfa á

vettvangi starfsins en rök fyrir því má t.d. finna í kenningum um aðstæðubundið nám (*situated learning*) (Lave, 1997) þar sem því er teft fram að líta megi á starfsnám sem innvígslu í menningu vinnustaðarins. Skólarnir bera þá ábyrgð á að hjálpa kennaranemum til að þróa hæfni til kennslustarfa, læra verklag með því að reyndir kennarar leiði þá inn í fagsamfélagið í skólunum. Edwards rannsakaði hvernig þetta gekk í framkvæmd í skólunum og komst að því að ekki virtist byggt á þessum kenningum við framkvæmdina á vettvangi heldur áfram starfað í anda æfingakennslu upp á gamla mátann. Til marks um það þá fengu kennaranemar ekki tækifæri til að vera smám saman innleiddir inn í starfið á vettvangi heldur var þeim ætlað að ganga í hlutverk kennara frá fyrsta degi (Edwards et al., 2002; Edwards & Protheroe, 2004). Bent er á að hlutverk vettvangskennaranna sé flókið þar sem þeir hafa tvöfalda ábyrgð, annars vegar að kenna nemendum sínum og hins vegar kennaranemum (Edwards & Protheroe, 2003).

Af rannsóknum Edwards má draga þá ályktun að ef markmið með sameiginlegri ábyrgð og samvinnu um kennaranámið eigi að vera skólaþóun og þróun kennaramenntunar þá þurfi að hugsa uppá nýtt hvernig háttá skal sambandinu á milli þeirra tveggja kerfa sem hlut eiga að máli, þ.e. skólanna og kennaramenntunarinnar.

... skólarnir þurfa að gera ráð fyrir kerfisbreytingum þar sem allur skólinn verður að skuldbinda sig til að sinna kennaramenntun, líta á það sem sitt hlutverk. Háskólarnir þar sem kennaramenntunin er, þurfa að skuldbinda sig til að taka mið af áhrifum skólanna, sem vettvangs þekkingarsköpunar, og taka mið af því þegar þeir skipuleggja hvernig þeir vinna með kennurum í símenntun þeirra og þróun í starfi ... (Edwards, 1998)²

Anne Edwards hefur ásamt samstarfsfólki sett fram hugmyndir um hvernig standa þurfi að því að byggja upp samstarf skóla og háskóla um kennaramenntun. Þar er byggt á félags-menningar-kenningum (*socio-cultural theories*) sem þróaðar hafa verið á grunni kenninga Vygotskys, einkum athafnakenningunni sem nefnist fullu nafni menningar- og söguleg athafnakenning (*Cultural Historical Activity Theory*). Athafnakenningin leggur áherslu á mikilvægi þess að skilja yfirfærslu þekkingar úr einu samhengi í annað, í okkar samhengi hvernig þekking flyst á milli háskóla og almennra skóla. Athygli beinist að því hvernig þekking og starfsfærni yfirfærast frá einu kerfi yfir í annað en skilningur á því er

² ... schools would need to accommodate the structural implications of a whole school commitment to initial teacher training, while universities would be obliged to examine the impact of schools as sites of knowledge production on how they work with teachers in their continuing professional development...

forsenda þess að stuðla megi að þróun starfseminnar, hér starfsemi kennaraháskóla og almennra skóla. Það getur gerst í víxlverkun þegar sérfræðiþekking úr kerfum sem eiga í samstarfi er notuð til að skapa í sameiningu lausnir á nýjum vandamálum. Þegar fólk fer á milli kerfa þarf það að læra að koma inn á áður óþekkt svæði og þá er mikilvægt að skilja hvernig má styrkja t.d. kennaranema sem fara á milli skólanna þar sem þeir eru í vettvangsnámi annars vegar og kennaraháskólans hins vegar. Gert er ráð fyrir að fólk þurfi einhvers konar verkfæri – t.d. í formi hugtaka og kenninga – til að túlka nýja umhverfið og átta sig á hvernig ber að haga sér þar. Þetta hefur verið nefnt *boundary object* sem mætti þýða sem mæratól³ – en það er eitthvað sem auðveldar fólki að skilja nýtt samhengi þegar það fer á milli mismunandi kerfa. Slík mæratól eða tæki/verkfæri sem eru viðeigandi í báðum kerfunum eru mikilvægur liður í samstarfi einkum í upphafi á meðan verið er að þróa skilning og sýn á sameiginleg markmið og viðfangsefni. Þetta tengist kenningum Wengers um samfélög iðkenda (*communities of practice*) (Wenger, 1998) en hann notar hugtakið *brokering*, sem er þýtt sem milliganga eða miðlun, til að lýsa samböndum sem fólk myndar þegar það ferðast milli kerfa og kynnir starfsemi eins kerfis inn í annað. Wenger telur slíka mæra- eða jaðarstarfsemi sérlega frjóan jarðveg fyrir breytingar.

Hefðin gerir ráð fyrir að kennaraháskólarnir og almennu skólarnir sem vinnustaðir vinni hlið við hlið án þess að það feli endilega í sér raunverulegt samstarf um kennaramenntun. Nú er stefnt að nýrri tegund tengsla sem byggir á þátttöku í samstarfsneti sem er í þróun og bæði einstakir þátttakendur eru að læra og þau kerfi sem þeir vinna í eru að þróast (*learning partnership*). Þá er mikilvægt að finna út hvernig stofnanareglur og stjórnendur geta ýtt undir eða kæft tilraunir til að þessi tegund samstarfs geti blómstrað en skilningur á því ætti síðan að geta hjálpað til að vinna bug á hindrunum sem standa í vegi fyrir nýrri tegund samvinnu.

³ samanber landamæri

3. Vettvangsnám í kennaranámi

Vettvangsnám er sá hluti í námi kennaranema sem fer fram á vettvangi, í leik-, grunn- eða í framhaldsskólum. Í vettvangsnámi fá nemar tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Þar gefst færi á að prófa þá þekkingu og kunnáttu sem kennaranemar hafa aflað sér í háskólanáminu. Gert er ráð fyrir að kennaranemar nýti sér reynslu sína á vettvangi til að öðlast verklega sem og fræðilega þekkingu, efla faglega sjálfsmynd og þróa starfskenningu sína. Í vettvangsnámi er að því stefnt að kennaranemar kynnist skólastarfi þar sem bókvit, verksvit og siðvit eru ein samofin heild.

Samkvæmt mati starfshópsins eru meginmarkmiðin með vettvangsnámi í kennaranámi eftirfarandi:

- Að nemendur fái sem bestan skilning á öllum hliðum skólastarfsins, tækifæri til að læra í starfi og reyna í verki þá fræðilegu þekkingu er þeir öðlast í bóklega hluta námsins, með því að flétta saman fræði og starf og skilja hvernig þetta tvennt þarf að fléttast saman í órjúfanlega heild. Að nemendum séu tryggðir möguleikar til að ná þeirri verkleikni sem nauðsynleg er til þess að geta uppfyllt þær kröfur sem kennarastarfið útheimtir og þar með framfylgt af fagmennsku þeim lögum sem þeim er ætlað að vinna samkvæmt.
- Að nemendur öðlist það persónulega öryggi sem fagmanni er nauðsynlegt til þess að ná árangri sem er forsenda starfsánægju.
- Að nemendur öðlist færni í samvinnu og samstarfi, temji sér umburðarlyndi og fordómalaus viðhorf og hafi manngildis- og jafnréttissjónarmið ávallt að leiðarljósi.

Menntun kennara er, að mati starfshópsins, samstarfsverkefni kennaraháskóla annars vegar og leik-, grunn- og framhaldsskóla hins vegar. Á vettvangi skólans öðlast kennaraneminn reynslu og innsýn í skólastarfið og í kennaraháskólanum fær hann tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og skoða hana í fræðilegu ljósi. Reynsla kennaranema á vettvangi hefur áhrif á það hvernig hann túlkar fræðin og byggir upp skilning sinn. Neminn nýtir sér jafnframt fræðilega þekkingu til að móta starfshugmyndir sínar. Þannig verður fagþekking til með gagnkvæmu samspili háskóla og starfsvettvangs.

3.1. Hlutverk og ábyrgð samstarfsaðila

Starfshópurinn leggur til að samstarfsaðilar skipti með sér hlutverkum og ábyrgð með eftirfarandi hætti:

Kennaraháskóli Íslands ber ábyrgð á að skipuleggja vettvangsnám og koma á tengslum milli kennaranema og viðkomandi heimaskóla. Auk þess sem kennarar KHÍ leggja sig fram um að kynna sér starf á vettvangi og þróa starf sitt í samræmi við þarfir og leitast við að styðja kennara á vettvangi í starfi sínu t.d. með þátttöku í samstarfi. Kennarar KHÍ aðstoða nemann við að tengja saman reynslu sem hann öðlast á vettvangi og fræðilega þekkingu.

Heimaskóli ber ábyrgð á að skapa sem best skilyrði innan skólans sem felur m.a. í sér að gefa kennaranemum tækifæri til að kynnst fyrirmyndarstarfi og prófa sig áfram undir styrkri leiðsögn hæfra kennara ásamt því að stuðla að því að neminn fái innsýn í sem flesta þætti skólastarfsins. Gert er ráð fyrir að heimaskóli leiti stöðugt leiða til að þróa og styrkja starf sitt með tilliti til þess hlutverks sem honum er ætlað í þessu samstarfi, þ.e. að taka þátt í að mennta kennara.

Kennaranemi ber ábyrgð á að nýta sér sem best það námsumhverfi sem KHÍ og heimaskólar skapa honum í sameiningu. Hver uppskera hans verður fer eftir því hvort hann leggur sig fram um að vera virkur þátttakandi í skólastarfinu og nýta þau tækifæri sem þar bjóðast til að leggja grunn að heilsteyptri starfskenningu, m.a. með því að afla gagna með skipulegum hætti og ígrunda þau í samvinnu með öðrum.

3.2. Helstu tillögur um markmið og áherslur í vettvangsnámi

Tillaga 1:

Megin markmið með vettvangsnámi er að kennaranemi fái tækifæri til að tengja saman fræðilega og verklega færni og öðlist faglegt og persónulegt öryggi til að takast á við starfið.

Tillaga 2

Við skipulag og ákvarðanatöku verði gengið út frá því að kennaramenntun sé sameiginlegt verkefni KHÍ, kennaranema og starfsvettvangs (leik-, grunn- eða framhaldsskóla). Fyrirkomulag skal undirstrika sameiginlega ábyrgð, gagnkvæma virðingu og ávinning fyrir alla aðila.

4. Samstarfsskólar KHÍ / heimaskólar

Þegar hafa verið undirritaðir samningar við um 80 leik- og grunnskóla um samstarf um kennaramenntun (fylgiskjal 3). Samningarnir eru til þriggja ára og leggur starfshópurinn til að svo verði áfram. Þessir samstarfssamningar fela í sér tvíþætt samstarf:

- a. Skólinn tekur að sér að vera *heimaskóli* fyrir ákveðinn hóp kennaranema.
- b. Viðkomandi leik- / grunnskóli og KHÍ verða *samstarfsaðilar um bætt skólastarf og um kennaramenntun* (á ensku er talað um partnership, á Norðurlandamálum um praksisfællesskab (da) eða partnerskap (no), á íslensku t.d. samstarfsaðilar / samábyrgð).

Hér á eftir er fjallað um báða þættina í samstarfinu, fyrst um skólann sem heimaskóla ákveðins hóps kennaranema og síðan um skólana sem samstarfsaðila.

4.1. Leik- og grunnskólar sem heimaskólar

Heimaskóli tekur að sér að taka þátt í menntun ákveðins hóps kennaranema allan námstímann eða a.m.k. stóran hluta hans. Kennaranemarnir fá leyfi og aðstöðu í skólanum til að sinna verkefnum sem tengjast vettvangsnáminu. Um getur verið að ræða heimsóknir af ýmsu tagi, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athuganir á skólastarfi o.fl. Alla jafna er miðað við að kennaranemi hafi sama heimaskólann allan námstímann en ákveðinn sveigjanleiki er þó nauðsynlegur t.d. ef viðkomandi heimaskóli er lítil einskil og algengt er um leikskóla og grunnskóla úti á landi.

Verkefni á vettvangi eru hluti af námi kennaranemans við Kennaraháskólann og fléttuð inn í námskeið sem þar eru í boði. Verkefnin eru ný áskorun fyrir nemann og mikilvægt er að innihald þeirra verði ákveðið í samstarfi allra þeirra sem að vettvangsnámi koma. Kennarar í KHÍ bera ábyrgð á að það tengist viðfangsefni viðkomandi námskeiðs, kennaraneminn tengir það við sitt eigið áhugasvið og færni og heimaskólinn leitast við að finna verkefnunum farveg innan skólastarfsins hverju sinni og að nýta styrkleika sína

sem allra best til að styðja nám kennaranema. Jafnframt má hafa í huga að nýta framlag kennaranema og samstarf við KHÍ við skólaþróunarverkefni.

Hver og einn heimaskóli segir til um þann fjölda kennaranema sem hann er tilbúinn að taka að sér, og ræðst það m.a. af stærð viðkomandi skóla. Nemarnir geta jafnframt heimsótt aðra skóla, gert athuganir og verkefni eftir því sem tilefni gefast til í samráði við tengilið í heimaskóla og verkefnisstjóra.

Nauðsynlegt er að vinna *handbók* um vettvangsnám sem innihaldi m.a. upplýsingar og leiðbeiningar s.s. um samningagerð, vinnuferli og námsmat. Verkefnisstjórar vettvangsnáms við KHÍ hafi forgöngu um gerð slíkrar handbókar en hún verði unnin í nánu samstarfi við tengiliði í leik- og grunnskólum, kennara og kennaranema í KHÍ.

Að velja heimaskóla

Lagt er til að Kennaraháskóli Íslands auglýsi með bréfi til allra leik- og grunnskóla í apríl ár hvert eftir samstarfsskólum um kennaramenntun fyrir næsta skólaár þar á eftir. Skólar eru beðnir um að sækja um og að tilgreina í umsókn sinni sérstakar áherslur, námsgreinar, námssvið eða aldurstig sem skólinn telur vera sínar sterku hliðar og hann vill bjóða kennaranemum innsýn í (fylgiskjal 4 er verkferill um val á heimaskóla og hvernig nemum er úthlutaður heimaskóli).

Leitað er að skólum:

- sem eru með fyrirmyndarstarf á sem flestum sviðum skólastarfsins
- þar sem unnið er markvisst að þróun skólastarfsins á breiðum grundvelli
- þar sem starfsmannahópurinn er opinn og áhugasamur um uppeldi, nám og kennslu
- sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í menntun kennara framtíðarinnar.

Skóli sem óskar eftir að vera heimaskóli þarf að:

- vera reiðubúinn að veita nemunum innsýn í alla þætti skólastarfsins í samræmi við áherslur þeirra í námi
- gera samning við hvern kennaranema um vettvangsnámið og vettvangstengd verkefni, þar sem fram koma m.a. væntingar, áherslur og markmið

- leiðbeina nemunum við þau verkefni sem þeir vinna á vettvangi
- tilnefna einn tengilið sem heldur utanum starf kennaranema á vettvangi og tekur þátt í reglubundnu samráði við umsjónaraðila í KHÍ
- vera í samstarfi við leiðsögumann/mentor kennaranema í KHÍ
- taka þátt í mati á frammistöðu kennaranema sem byggist að hluta til á námsmöppu nema.

Á fyrsta misseri í námi hvers kennaranema er honum úthlutaður heimaskóli. Við val á heimaskóla er eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- Óskir kennaranema um staðsetningu heimaskóla sem leitað er eftir í upphafi misseris.
- Kjörsvið kennaranema eða sérstakar áherslur í námi sem leitað er eftir á fyrstu vikum námstímans.

Hlutverk tengiliðar

Hver heimaskóli eða samstarfsskóli tilnefnir tengilið sem er í samstarfi við verkefnisstjóra og kennara í Kennaraháskólanum. Hann hefur yfirsýn yfir stöðu þess hóps kennaranema sem skólinn sinnir og gerir námssamninga við hvern og einn (fylgiskjal 5). Í flestum tilfellum fær kennaranemi sérstakan vettvangskennara, a.m.k. í lengri æfingakennslulotum, það gæti þó allt eins verið kennarateymi þar sem svo háttar til.

Tengiliður:

- annast milligöngu milli kennara/verkefnisstjóra Kennaraháskólans og viðkomandi skóla, hann er vakandi fyrir áhuga og möguleikum á frekara samstarfi, opnar leiðir og kemur á tengslum
- hefur yfirsýn yfir stöðu hvers nema og ber ábyrgð á að gera KHÍ viðvart ef hann telur að skólinn geti ekki komið til móts við þarfir eða áhugasvið viðkomandi nema eða ef neminn stendur ekki við skyldur sínar.
- gerir samning við hvern og einn nema
- er í samstarfi við verkefnisstjóra og kennara í KHÍ um undirbúning vettvangsnáms á hverju misseri og miðlar hugmyndum og ábendingum milli aðila.

- Setur upp dagskrá sem skólinn býður uppá fyrir kennaranema, í samráði við kennara viðkomandi skóla, fyrir hvert misseri. Þar getur m.a. verið um að ræða kynningar eða þátttöku í viðburðum sem ætlað er að gefa kennaranemum betri innsýn í skólastarfið. Mikilvægt er að hafa í huga að nemum er ætlað að fá innsýn inn í allar hliðar skólastarfsins.

Undirbúningur fyrir vettvangsnám hvers misseris.

Verkefnisstjóri vettvangsnáms boðar tengiliði og umsjónarmenn námskeiða til fundar rétt fyrir eða við upphaf hvers misseris til að undirbúa vettvangsnám. Þar fá tengiliðir upplýsingar um hvers er að vænta varðandi t.d. kröfur, tímasetningar og magn og þeir upplýsa á móti um hagi og möguleika skólans.

4.2. Leik- og grunnskólar sem samstarfsskólar KHÍ um kennaramenntun

Samningur sem undirritaður er milli KHÍ og viðkomandi leik- og grunnskóla um að vera heimaskóli felur jafnframt í sér viljayfirlýsingu um að báðir aðilar eru reiðubúnir til frekara samstarfs um kennaramenntun. Það samstarf verður þróað í samskiptum beggja aðila og grundvallast á sameiginlegum áhuga og gagnkvæmum ávinningi. Samstarfsaðilar deila sameiginlegri ábyrgð, hafa gagnkvæma hagsmuni af því að sem best takist til við að mennta kennara framtíðarinnar og geta þar að auki lagt mikið af mörkum inn í starf hvers annars, samanber væntingar tengiliða í heimaskólum sem lýst er hér á eftir.

Möguleiki skapast til að byggja upp faglegt lærdómssamfélag um ákveðin afmörkuð viðfangsefni t.d. tengd námsgreinum, námssviðum eða afmörkuðum þáttum í skólastarfinu. Um getur verið að ræða nokkra skóla og hóp kennara við KHÍ sem deila áhuga á viðfangsefninu. Þegar er kominn vísir að slíku samstarfi þar sem hittast kennarar á kjörsviðum í grunnskólakennaranáminu í KHÍ og kennarar í heimaskólum á viðkomandi fagsviði. Samstarfsaðilar skapa sér sjálfir vettvang fyrir þetta samstarf sem gæti verið nokkurs konar „fríhöfn“ þar sem menn ræða saman á grunni sem þeir koma sér

sjálfir saman um. Um getur verið að ræða formleg þróunarverkefni, rannsóknir, leshópa eða umræðuvettvang fyrir almenna þróun í námsgrein eða á ákveðnu sviði.

Það er hlutverk verkefnisstjóra í KHÍ og tengiliða í leik- og grunnskólum að opna leiðir fyrir slíkt samstarf. Það gera þeir m.a. með því að koma á fundum milli aðila sem deila áhuga á ákveðnum viðfangsefnum og miðla upplýsingum um verkefni sem eru í gangi eða óskum um samstarfsverkefni.

Kennaraháskólinn gætir þess að heimaskólar fái upplýsingar um málþing og fyrirlestra sem boðið er upp á í skólanum og skólar gæti þess á sama hátt að leiðsögu kennarar (mentorar) við KHÍ og aðrir kennarar þar sem koma að samstarfi fái að fylgjast með atburðum á vettvangi skólanna. Auk þessa geta báðir aðilar boðið hver öðrum til umræðu, á kynningar á ákveðnum verkefnum/ sviðum eða á skólastarfinu almennt.

Væntingar tengiliða í leik- og grunnskólum

Á fundum með tengiliðum í leik- og grunnskólum leituðu verkefnisstjórar eftir upplýsingum um helstu væntingar þeirra til samstarfsins. Niðurstöðum er lýst hér á eftir.

Leikskólar

Tveir fundir voru haldnir með tengiliðum í leikskólum sem gerður hafði verið samningur við. Þeir voru spurðir um það hver væri ávinningur leikskólans af samvinnuverkefninu við KHÍ. Eftirfarandi var nefnt:

- Tengslin við KHÍ treystast og aukast, nemarnir tilheyra leikskólanum yfir lengri tíma og færa þekkingu og reynslu í báðar áttir.
- Eykur fagmennsku í leikskólanum, fáum það nýjasta úr fræðunum í beinni tengingu við nám nemans.
- Þurfum að setja starfið í orð og fylgja því eftir með leiðbeiningu.
- Spennandi að taka þátt í þróun fagmenntunar og það viðheldur fagmennsku í leikskólanum.
- Nemarnir koma með nýtt sjónarhorn inn í leikskólann og sjá starfið í öðru ljósi en þeir sem eru þar fyrir.

- Tengsl við það nýjasta í fræðunum er flutt inn í starfið með verkefnum nemans.
- Foreldrar eru stoltir yfir því að leikskólinn hafi verið valinn til samstarfs, sjálfstraust starfsfólksins eykst við það.
- Leikskólinn er allur ábyrgur fyrir nemanum og tekur allur þátt í verkefninu og það eykur faglega umræðu.
- Höfum áhrif á menntun leikskólakennara.
- „Með tímanum lokkum við nemana til vinnu hjá okkur“.
- Spurningar nemans kalla á ígundun og fagmennsku og nýtast sem hvetjandi afl í starfsmannahópnum.
- Virkar eins og símenntun að fylgjast með námi nemans, virkar hvetjandi til að sýna sínar bestu hliðar í fagi og starfi.

Grunnskólar

Á fundi með tengiliðum frá grunnskólum um miðjan janúar voru þeir beðnir að ræða og setja á blað hugmyndir sínar um hvaða ávinningur gæti hlotist af samstarfi grunnskólanna og KHÍ. Tengiliðirnir eru í flestum tilvikum skólastjórar en nokkrir aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar eru í hópnum. Eftirfarandi kom fram:

- Með auknu samstarfi sem er skipulagt með þessum hætti má ná betri tengslum við kennaranemana og þar með betra tækifæri til að byggja upp traust samband til framtíðar við áhugasama kennaranema sem jafnvel myndu ráða sig til skólans. Þetta sé kappsmál fyrir heimaskólann að standa vel að vettvangsnáminu og fá öfluga framtíðarkennara til starfa.
- Samfélagið í KHÍ fær betri vitneskju um skólastarf í grunnskólum og áttar sig betur á því hvar áhugaverðar hugmyndir og starf er að finna.
- Það bæti skólastarfið að kennaranemar komi með verkefni inn í skólana og að bæði KHÍ og grunnskólinn fái fleiri hugmyndir til að vinna úr. Grunnskólarnir fái aukið aðgengi að gagnasafni KHÍ og betri tengsl við kennara þar og þar með betra tækifæri til að kynnast því sem er efst á baugi í hugmyndum um skólastarf hverju sinni.
- Aukinn metnaður í grunnskólum fylgi því að vera heimaskóli kennaranema og að starfið verði faglegra og að fagleg umræða í skólanum styrkist.

- Bætt tengsl skólanna við KHÍ, að samstarf kennara í KHÍ við grunnskólana verður markvissara en áður, samstarfið auðveldar aðgengi að kennurum og þekkingu í KHÍ og að almennt verði meira flæði á milli skólanna og KHÍ. Þeir telja að heimaskólakerfið geti orðið til þess að byggja betri brú á milli fræða og starfs t.d. þannig að fleiri erindi komi inn í skólann og einnig að óformleg samræða aukist á milli skólanna og KHÍ.
- Tengiliðirnir óskuðu eftir að fá upplýsingar um það sem nemarnir skila af sér í KHÍ eftir vettvangsnám. Þeir telja að upplifun og viðhorf nemanna eftir að þeir hafi unnið verkefni í vettvangsnámi geti nýst skólunum og þeir vilja fá að vita hvort þeir komi til móts við væntingar kennaranemanna. Þeir telja að kennaranemarnir geti komið með nýja sýn á skólastarfið þar sem glöggt er gests augað.
- Heimaskólakerfið er gott fyrir kennaranemana og að það bæti kennaranámið að fá góða innsýn í kennslu og skólastarf. Þeir telja að kennaranemarnir verði betri kennarar ef þeir kynnast skólunum vel og þori frekar að tjá skoðanir sínar á skólastarfi. Nánari samskipti sem ná yfir lengri tíma séu opnari og gefi báðum aðilum meira. Þeir telja að það bæti kennaranámið að sameiginleg sýn sé á áherslur í kennaranáminu og þætti í starfi kennarans. Einnig að það sé til góðs að hafa samráð um útfærslur verkefna í námsgreinum. Einnig kom það fram að æskilegt væri að brjóta niður múra milli námsgreina í kennaranáminu, þ.e. í kjörsviðsgreinum.
- Nýtt greiðslufyrirkomulag sé til bóta og geti orðið til þess að hægt sé að leggja fé í þróunarverkefni.
- Dreifðari ábyrgð á leiðsögn við kennaranema er til góðs og að getur skilað meiri ávinningi ef teymi eldri og yngri kennara séu samábyrg fyrir leiðsögn og samvinnu við kennaranema og geti miðlað af reynslu sinni.
- Hópurinn vonast til þess að skýrari tengsl við nemana geti skapað vettvang fyrir aukið samstarf og rannsóknarvettvang t.d. í sambandi við lokaverkefni í kennaranámi.
- Með aukinni faglegri umræðu og tengslum við KHÍ gæti fræðsluþörf skólanna skýrst og að auðveldara verði að koma til móts við hana.

4.3. Helstu tillögur um samstarf KHÍ og heimaskóla / samstarfsskóla

Tillaga 3:

Áfram verði gerðir samningar við almenna leik- og grunnskóla sem fela í sér tvíþætt samstarf: annars vegar tekur skólinn að sér að vera heimaskóli ákveðins hóps kennaranema og hins vegar að samstarf um skólaþróun og kennaramenntun almennt þar sem lögð er áhersla á gagnkvæman ávinning og faglegt námssamfélag.

Tillaga 4:

Unnin verði handbók sem m.a. innihaldi nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um vettvangsnám fyrir alla aðila sem koma að vettvangsnáminu.

Tillaga 5:

Auglýst verði eftir heimaskólum í apríl að vori fyrir næsta skólaár á eftir, leitað verði eftir skólum með fyrirmyndastarf á sem flestum sviðum. Þeir verði valdir í samráði við kennaranema við upphaf náms, þar verði m.a. haft til hliðsjónar búseta nemenda, kjörsvið eða sértakar áherslur kennaranemans (fylgiskjal 4).

Tillaga 6:

Heimaskólar tilnefna tengilið sem er samstarfsaðili KHÍ og starfar náið með verkefnisstjóra í KHÍ og öðrum sem koma að vettvangsnámi nemenda hverju sinni.

Tillaga 7:

Lögð verði áhersla á að skapa skilyrði fyrir samstarfi starfsmanna KHÍ og kennara í heimaskóla (partnership). Samstarfið þróist á forsendum samstarfsaðila og feli í sér gagnkvæman ávinning og faglegt námsamfélag.

5. Kennaranemi í vettvangsnámi

Í kaflanum hér á eftir er fjallað um hlut kennaranemans í vettvangsnámi, námsmöppu sem hann heldur, námsmat og námsamninga.

5.1. Um gildi vettvangsnáms fyrir framvindu í námi


Margir hafa bent á mikilvægi þess að gengið sé út frá persónulegri sýn kennaranema á viðfangsefni kennaranámsins (t.d. Ragnhildur Bjarnadóttir, 2005). Mæta þurfi kennaranemanum þar sem hann er staddur og efla hann í að þroska hugmyndir sínar um nám og kennslu. Þetta þurfi að gera á markvissan hátt í nánnum tengslum við vettvang og í ljósi kenninga um nám og kennslu (Hafþór Guðjónsson, 2005, 2008). Hér er komið að því atriði sem skipulag vettvangsnáms snýst um, þ.e. hvernig fræðilegt, rannsóknartengt kennaranám verði best tengt við raunverulegt skólastarf á vettvangi þannig að kennaranámið verði einstaklingsmiðað og markvisst.

Í kennaranámi er lagður grunnur að faglegri og persónulegri starfskenningu kennara sem er í sífelldri mótun á meðan hann er í starfi. Við mótun starfskenningar eru tengsl fræða og starfs í brennidepli og þar með skipulag vettvangsnáms og tengsl kennaramenntunarstofnunar og starfsvettvangs. Það sem þarf að hafa í huga í þessu sambandi er hvernig tengslum við fagfólk á vettvangi er háttað og jafnframt hvernig haldið er utan um framvindu og dýpkun í námi hvers kennaranema. Vinnu í einstökum námskeiðum (bæði í háskóla og á vettvangi) þarf að tengja saman í heildstæðan feril hjá hverjum kennaranema. Í því sambandi er rétt að benda á hugmyndir um ferilmöppur og einhvers konar leiðsögumannakerfi í kennaranáminu sem vikið er að síðar í skýrslunni.

Vettvangsnám er sá hluti kennaranáms þar sem persónulegir þættir fá oft hvað mesta at-
hygli samanborið við aðra hluta námsins og í vettvangsnámi reynir á að kennaranemi geti rökstutt faglega hugmyndir sínar um skólastarf.

Þegar kennaranemar útskrifast úr kennaranámi hafa þeir margir hverjir ekki nægilegt öryggi til að geta starfað samkvæmt þeirri starfskenningu sem mótast hefur með þeim í

kennaranáminu (Auður Torfadóttir, 2005). Þegar þeir koma til starfa á vettvangi þar sem ákveðin skólamenning er ríkjandi er því líklegt að þeir gangi inn í þær hefðir sem skapast hafa þar þó að hugur þeirra á meðan þeir voru ennþá í kennaranáminu hafi staðið til annars (Lilja M. Jónsdóttir, 2005). Margir fræðimenn telja þetta vera áhyggjuefni og að mikilvægt sé að rækta með kennaranemum hæfni til að ígrunda eigin hugmyndir og reynslu til að efla fagmennsku sína og gera þá rökfastari um hugmyndir sínar. Það þurfi að gefa kennaranemum svigrúm og veita þeim leiðsögn til að ígrunda af dýpt og einlægni í kennaranáminu. Kennaranemar þurfi að flétta saman fyrri reynslu og þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér úr fræðum, af vettvangi og úr umræðum. Í því ferli gegnir ígrundun lykilhlutverki. Auður Torfadóttir hefur lagt mikla áherslu á ígrundun í starfi sínu við menntun tungumálakennara í KHÍ. Hún hefur hannað líkanið á myndinni út frá reynslu sinni og hugmyndum Kolbs (Auður Torfadóttir, 2005).



Líkan um tengsl ígrundunar við aðra þætti í kennaramenntun (Auður Torfadóttir, 2005).

Meginhugsun Auðar er að ef kennaramenntun á að ná tilgangi sínum þá þarf að gefa ígrundun gott rými og byggja á forhugmyndum og reynslu kennaranema eða því sem Auður nefnir *farangur*. Á líkaninu kemur fram hvernig fyrri reynsla kennaranemanna fléttast saman við ígrundun um hugmyndir og kenningar sem nemarnir kynnast í náminu, ígrundun um útfærslur hugmynda og eigin reynslu í vettvangsnámi og ígrundun um atriði sem nemarnir kynnast í áheyrn eða t.d. með því að fylgjast með umræðu um álitamál í

skólastarfi. Ef ígrundun um þessa þætti er gefið nægilegt rými í kennaranáminu má ætla að það efli fagmennsku kennaranemans þegar út í starf er komið og geri hann öruggari í að starfa samkvæmt eigin starfskenningu (Auður Torfadóttir, 2005).

5.2. Námsmöppur og námsmat

Á undanförunum árum hefur orðið mikil aukning í notkun námsmappa (*portfolio*) í háskólanámi víða um heim og ekki síst í kennaranámi. Kennarar í kennaraháskólum hafa séð fjölbreytta möguleika í hvernig nýta megi alls kyns form af möppum til að styðja við nám nemenda og ekki síst að styrkja nýjar aðferðir í námsmati. Vegna þess hversu möppur eru nýttar á margvíslegan hátt er ekki auðvelt að skilgreina þær en einna algengast er að nota eftirfarandi skilgreiningu (Olga Dysthe & Engelsen, 2004):

Mappa (*portfolio*) er markviss afkastur af vinnu nemenda sem er vitnisburður um viðleitni þeirra, framfarir og árangur á einu eða fleiri sviðum. Safnið verður að hafa orðið til við að nemendur hafi tekið þátt í að velja innihaldið og ákveða þau viðmið sem notuð eru til að meta hvort efnið sé við hæfi sem hluti námsins.

Ennfremur þarf í möppunni að vera vitnisburður um sjálfsmat eða íhugun nemanda.¹ (Paulson, Paulson, & Meyer, 1991).

Dyste og Engelsen benda þó á að það séu til margs konar líkön sem stuðst er við í notkun mappa í námi en þau eigi flest þrennt sameiginlegt en það er: söfnun gagna, íhugun og úrval (*collection, reflection, selection*) sem síðan er fylgt eftir með lokamati. Í rannsókn sem Dysthe og Engelsen gerðu í tveim kennaraháskólum í Noregi kom í ljós að ekki var sameiginlegur skilningur meðal kennara hinna ýmsu greina á notkun námsmappa og þess vegna telja þau að mikilvægt sé að greina vel í hverju gagnsemi þeirra til náms felst einkum. Þau þróðu síðan greiningarlíkan sem gerir grein fyrir þrem námsþrepum sem hvert um sig bjóða upp á námstækifæri af mismunandi tagi.

Fyrsta þrepið snýst um hvernig söfnunin er skipulögð og hvernig endurgjöf við safninu er tryggð, bæði jafningjamat og viðbrögð kennara. Velta þarf fyrir sér hvernig viðmið um það efni sem á heima í námsmöppu eru ákveðin, þ.e. hvort kennari setur einn viðmið eða hvort ávinningur er að því að ákveða þau í samráði við nemendur. Hér er líka hugað að

bæði einstaklingsvinnu og möguleikum til samvinnu svo og möguleikum sem stafræn mappa á neti býður uppá umfram pappírsmöppu.

Annað þrepið snýst um hvers eðlis þau námstækifæri eru sem felast í vali nemenda á efni úr safnmöppu til að setja í kynningarmöppu (*presentation portfolio*). Hér er áhersla á sjálfsmat nemenda, viðmið sem þau hafa til að velja útfrá og hvort nemendur eru beðnir að skrifa íhugandi texta um val sitt. Litið er svo á að sjálfsmat sé mikilvægur þáttur í ferilmati (*formative assessment*).

Lokamat gegnir svo lykilhlutverki á þrepi þrjú sem nær yfir stutt tímasteið miðað við hin tvö. Hér liggja þó ýmis tækifæri í að þróa lokamat í átt frá því sem hefðbundið er og auka þátt nemenda og þar með námstækifæri þeirra á þessu þrepi. Munnleg próf í formi samræðu um það efni sem nemandi hefur valið í kynningarmöppuna er einn kostur sem vænlegt gæti verið að þróa ef gætt er að því að nýta möguleika til íhugunar um námsferlið sem mappan og úrval nemenda úr henni endurspeglar.

Almennt er um það samkomulag í skrifum um möppur í námi að það sé lykilatriði að einhvers konar íhugun (*reflection*) sé byggð inn í námsferlið. Margir háskólakennarar eru þó á móti þessu og líta svo á að námsmat eigi að snúast um inntak, skilning og notkun hugtaka og kenninga en ekki persónulegar vangaveitur nemenda. Þá er það gagnrýnt að íhugandi textar hafi tilhneigingu til að vera yfirborðslegir og formúlukenndir og þessum þætti því sleppt þó að möppur séu notaðar (Olga Dysthe, Engelsen, & Lima, 2008). Mikilvægt er að þetta atriði sé til umræðu og að horfst sé í augu við að ekki er víst að samkomulag náist um þetta. Hvað sem því líður virðast margir sammála um að miklir möguleikar felist í að þróa frekar notkun mappa til að styrkja nám á öllum skólastigum og ekki síst að þróa notkun þeirra á háskólastigi.


Námsmappa í KHÍ

Lagt er til að hver nemi hafi námsmöppu þar sem hann heldur saman gögnum um námsframvindu sína. Megintilgangur er að undirstrika ábyrgð nemandans á námi sínu, að

mynda grunn fyrir námsmat og að stuðla að samfellu í náminu. Námsmappan myndar eins konar þráð í vettvangsnámi. Meginmarkmið með gerð námsmöppu er:

- Að gera ýmiss konar afrakstur námsins sýnilegan
- Að styðja við mótun starfskenningar
- Að auðvelda nemum að færa sig á milli háskóla og heimaskóla
- Að skapa umræðugrundvöll nema við vettvangskennara og leiðsögu kennara við KHÍ.
- Valin verkefni úr möppu eru gundvöllur námsmats.

Verkefnastjórar hafa yfirsýn yfir allt ferlið en kennslufræðinámskeið á fyrsta og síðasta misseri móta upphaf og lok námsmöppunnar. Kennaranemar byrja að móta hana í fyrsta kennslufræðinámskeiði og hún verður gerð upp í því síðasta og þá er ætlast til að nemendur hafi lagt grunn að starfskenningu sinni. Námsmappan byrjar á þeim hugmyndum sem nemar hafa um skólastarf og sjálfa sig sem kennara, þegar þeir koma inn í námið sem þróast smátt og smátt eftir því sem líður á námið og þekking og reynsla eykst. Myndinni hér að neðan er ætlað að lýsa þessu ferli. Verkefnastjórar vettvangsnáms fylgja þessari vinnu eftir og aðstoða kennara KHÍ og nema við að safna efni inn í möppuna eftir því sem ástæða er til.



Námstími

Mikilvægt er að námsmappan tengist annarri vinnu á námskeiðum. Margir kostir fylgja því að hafa námsmöppu stafræna. Það gefur aukin tækifæri t.d. til að safna öðru en texta s.s. hljóðum og hreyfimyndum, það auðveldar jafningjamat o.fl. Til eru ýmis forrit til að nýta í þessum tilgangi og læra kennaranemar að nota eitt slíkt (ELGG) strax á 1. námsári.

Hugmynd að útfærslu:

1. Misseri 1: Kennaranemar búa til námsmöppu (t.d.stafræna) þar sem þeir skrá inn sínar fyrstu hugmyndir um skólastarf og hvernig þeir sjá sjálfa sig fyrir sér sem kennara (fagleg sjálfsmynd). Eftir heimsóknir í heimaskóla skrá þeir reynslu sína og ígrunda hvernig sjálfsmyndin hefur breyst í ljósi nýrrar reynslu og þekkingar sem þeir hafa fengið á námskeiðum misserisins. Þessi skráning gæti t.d. verið hluti af leiðarbók/námsmati á kennslu- og menntunarfræðinámskeiði.
2. Misseri 2 - 5: Kennaranemar skrá áfram reynslu sína og ígrunda og endurskoða fyrri hugmyndir við lok hvers misseris. Nemar fá mentor/leiðsögukennara sem aðstoðar þá við að meta reynslu sína og nám á misserinu. Þar til nemar hafa fengið leiðsögukennara verður námsmappan skilgreindur hluti af einu námskeiði á hverju misseri, eitt af verkefnum á kennslufræði- eða kjörsviðs- / sérsviðs-námskeiði.

3. Misseri 6: Kennaranemar taka saman hvernig hugmyndir og fagleg sjálfmynd hafa þróast ásamt því að leggja grunn að sinni starfskenningu. Það verður skilgreindur hluti af námsmati á kennslu- og menntunarfræðinámskeiði. Skil geta verið munnleg eða skrifleg.

Námsmat

Námsmat í vettvangsnámi hefur lengi verið til umræðu og bent á mikilvægi þess að þróa námsmatsaðferðir sem gefa kennaranema raunsanna mynd af frammistöðu sinni (Ingvar Sigurgeirsson o.fl. 2002). Þar sem vettvangsnám er nú hluti af námskeiðum er námsmatið það óhjákvæmilega líka og mat á verkefnum eru í samræmi við kröfur og viðmið sem kennarar hvers námskeiðs í KHÍ setja í samstarfi við kennara í heimaskólum. Eftir því sem líður á kennaranámið þarf neminn að sýna fram á að hann öðlist meiri færni og dýpri skilning á ákveðnum þáttum kennarastarfsins. Námsmappan á að vera tæki sem auðveldar nemanum að gera þetta.

Meginþræðir í mati á vettvangsnámi tengjast þeim markmiðum sem sett eru í hverju námskeiði fyrir sig en að öðru leyti eru eftirtaldir þræðir til viðmiðunar:

- Samvirkusemi, áhugi, undirbúningur, samstarfshæfni við samstarfsfólk og nemendur.
- Þekking á kennslufræði, menntunarfræði, kjörsviðsgrein, miðlun.
- Hæfni til að átta sig á og fylgjast með námi nemenda.
- Hæfni til að taka þátt í umræðu um álitamál í skólastarfi og að færa rök fyrir eigin sjónarmiðum með tilvísun til fræðilegs efnis og rannsókna á skólastarfi.
- Úrlausn á þeim verkefnum sem nema eru falin.

Kennarar í námskeiðum í KHÍ leiðbeina nema við að setja sér markmið. Þetta gæti þó verið hlutverk leiðsögumanns/mentors, verði hann til staðar.

Eftir hvert misseri metur kennari/kennarateymi í heimaskóla frammistöðu nemans í þeim viðfangsefnum sem hann hefur tekið þátt í, út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum sem tilgreind verða í handbók. Auk þess skráir kennaranemi í námsmöppu hugleiðingar sínar út frá settum markmiðum og ígrundar og metur hvernig til tókst. Til greina kemur að halda sérstaka matsfundi um frammistöðu nemanna, a.m.k. öðru hverju á námstímanum.

Kennarar viðkomandi námskeiðs í KHÍ eru ábyrgir fyrir námsmati í vettvangsnámi, eins og öðru námsmati í námskeiðinu þ.e. þeir ákveða hvort frammistaða kennaranema í vettvangsnámi sé fullnægjandi eða ekki miðað við þau viðmið sem lögð voru til grundvallar.

Til þess að kennaranemi geti lokið námskeiði sem felur í sér vettvangsnám þarf hann að hafa lokið vettvangsnámsþættinum á fullnægjandi hátt. Að öðrum kosti hefur hann ekki lokið námskeiðinu.

Eins og áður hefur komið fram verður farið með námsmat vettvangsnámi á sama hátt og aðra þætti hvers námskeiðs. Samkvæmt reglum skólans má krefjast þess að nemi þurfi að fá lágmarkseinkunn í öllum þáttum námskeiðsins til að teljast hafa náð því, og gildir það jafnt um vettvangsnám sem aðra þætti námskeiðs. En umsjónarkennari getur jafnframt ákveðið að hægt sé að ná hverjum þætti fyrir sig og þá er nægilegt að endurtaka einungis þann þátt sem nemi hefur ekki lokið með fullnægjandi þætti. Nauðsynlegt er að taka fram í námskeiðslýsingum hvernig þessu er varið.

5.3. Námsamningar stúdentna og heimaskóla

Í upphafi námstíma gera kennaranemi og heimaskóli (tengiliður) með sér sérstakan námssamning (fylgiskjal 5) sem fjallar m.a. um réttindi, skyldur og form á samskiptum, umgengnisreglum og námsmat.

Trúnaður

Kennaranemi í vettvangsnámi er bundinn þagnarskyldu um allt er varðar börn/nemendur og fjölskyldur þeirra, skólann og það sem snýr að málum einstakra starfsmanna.

Framgangur nema er trúnaðarmál skólastjóra/tengiliðar, nema og vettvangskennara.

Gagnkvæmur trúnaður skal haldinn þó nemandi hafi lokið námi. Skólastjórar eru hvattir til að ræða þær reglur sem ríkja varðandi trúnað í skólanun og láta nema skrifa undir þagnareid.

Teymi um ágreiningsmál

Ef upp koma ágreiningsmál í tengslum við samskipti kennaranema við heimaskóla eða varðandi mat á vettvangsnámi geta aðilar vísað málinu til þriggja manna teymis sem fjallar um málið og úrskurðar. Teymið er skipað af brautarstjórn kennarabrautar og í því sitja verkefnisstjóri vettvangsnáms ásamt tveimur kennurum sem brautarstjórn skipar. Vinnuferli og starfsreglur skulu unnar í samstarfi við stúdentaráð og heimaskólana og vera staðfestar í brautarstjórn. Reglurnar skulu vera kynntar og aðgengilegar öllum.

5.4. Helstu tillögur um námsmöppur og námsmat

Tillaga 8

Lagt er til að hver kennaranemi haldi námsmöppu (portfolio) yfir vettvangsnámið í heild sinni. Möppuna notar neminn til að skrá reynslu sem hann öðlast á vettvangi og halda til haga gögnum sem hann aflar sér í heimaskólanum. Þetta auðveldar nemanum að fá yfirsýn yfir vettvangsnámið og tengja saman einstök vettvangstímabil.

Tillaga 9:

Allir kennaranemar gera námssamning við sinn heimaskóla þar sem fjallað er um réttindi og skyldur (fylgiskjal 5).

Tillaga 10:

Námsmat byggist m.a. á námsmöppu, viðveru á vettvangi og verkefnaskilum sem eru hluti af námsmati í viðkomandi námskeiði sem hefur vettvangsnám innan sinna vébanda.

Tillaga 11:

Sett er á stofn þriggja manna teymi sem skipað er af brautarstjórn kennarabrautar í KHÍ sem hafi það hlutverk að fjalla um vanda eða ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við vettvangsnám eða í samskiptum kennaranema og heimaskóla. Í því sitja verkefnisstjóri vettvangsnáms ásamt tveimur kennurum úr hópi kennara í KHÍ.

6. Fyrirkomulag og umfang vettvangsnáms í KHÍ

Í þessum kafla er fjallað um umfang vettvangsnáms, fyrirkomulag og hlutverk ýmissa aðila innan Kennaraháskólans sem koma að skipulagi og framkvæmd vettvangsnáms.

6.1. Umfang

Umfang vettvangsnáms í B.Ed.-námi getur verið breytilegt eftir sviðum en skal að lágmarki samsvara 24 ECTS einingum og skal stefnt að því að auka það. Af þessum 24 einingum skulu 10 einingar dreifast á námskeið í menntunar- og/eða kennslufræðum og 14 einingar á námskeið á því greinasviði sem kennaranemar sérhæfa sig í. Á hverju skólaári eru fráteknar vikur til vettvangsnáms og verkefna, svokallaðar vettvangs- og verkefnavikur. Tvær vikur eru ætlaðar í þetta á hausmisseri en þrjár vikur að vori. Ennfremur er möguleiki að hafa ákveðna daga í viku eða dagparta lausa við fyrirlestra eða skipulagða viðveru sem gætu þá nýst fyrir vettvangsnám eða vettvangstengingar. Mikilvægt er að skapa svigrúm fyrir lengra samfellt vettvangsnám einhverntíma á námstímanum. Hver eining í vettvangsnámi jafngildir 30 stunda viðveru á vettvangi auk undirbúnings og úrvinnslu.

Í öllum námskeiðslýsingum skal koma fram hvernig tengslum við vettvang er háttað í námskeiðinu.

6.2. Hlutverk þeirra sem koma að vettvangsnámi í KHÍ

Í kaflanum hér á eftir er skilgreint hlutverk verkefnisstjóra, kennara á námskeiðum í KHÍ og væntanlegs leiðsögukennara eða mentors.

Verkefnisstjórar

Á kennarabraut eru starfandi tveir verkefnisstjórar, einn á grunnskólaleið og annar á leikskólaleið. Lagt er til að þessi störf verði til áfram þótt fyrirkomulag vettvangsnáms breytist.

Lagt er til að hlutverk verkefnisstjóra verði m.a.:

- Að hafa yfirsýn yfir framkvæmd og stöðu vettvangsnáms.
- Að finna heimaskóla og halda utanum samningagerð og fjárhagslegt uppgjör við heimaskóla.
- Að para saman kennaranema og heimaskóla í samráði við hlutaðeigandi aðila.
- Að koma á tengslum milli kennara KHÍ á hverju misseri og tengiliða eða viðtökukennara heimaskóla.
- Að stýra vinnu við gerð handbókar um vettvangsnám.
- Að halda utanum ferli við gerð námsmöppu og leiðbeina eftir þörfum.
- Að meta framkvæmd vettvangsnáms.
- Að vera í samskiptum við tengiliði í heimaskólum og kennaranema í vettvangsnámi.
- Að beita sér fyrir þróun í framkvæmd vettvangsnáms í samstarfi við brautarstjórn, heimaskóla og aðra aðila.

Umsjónarkennarar á námskeiðum í KHÍ

Lagt er til að umsjónarkennarar í hverju námskeiði sem inniheldur vettvangsnám beri ábyrgð á þeim hluta námskeiðsins á sama hátt og á öðrum þáttum. Í því felst m.a.

- Að skilgreina og setja í námskeiðslýsingu upplýsingar um hvernig vettvangsnámi /vettvangstengingum verður háttað, t.d. um tímasetningar, umfang o.fl.
- Að ákvarða verkefni, markmið og áherslur í hverju námskeiði sem kennaranemar eiga að vinna í tengslum við vettvangsnám.
- Að taka þátt í fundum með verkefnisstjóra, öðrum umsjónarkennurum á misserinu og tengiliðum til að undirbúa vettvangsnám/tengsl.
- Að stuðla að umræðu og ígrundun um starfið á vettvangi fyrir og eftir vettvangsnám.
- Að bera ábyrgð á mati á vettvangsnámi í samstarfi við tengiliði í skólum eða vettvangskennara.
- Að leiðbeina nemanum við að safna gögnum í námsmöppu og tengja við námsmat og aðra vinnu á námskeiðinu.

- Að vera í samskiptum við vettvang t.d. með heimsóknnum eftir því sem aðstæður leyfa. Æskilegt er að stefna að því að hver kennaranemi fái heimsókn í skóla a.m.k. einu sinni á námstímanum.

Leiðsögukennari/mentor

Í samræmi við fyrri samþykktir fá allir kennaranemar ákveðinn leiðsögukennara eða mentor úr hópi kennara við KHÍ við upphaf námstímans. Leiðsögumaður tekur að sér að veita ákveðnum hópi kennaranema (15–20) stuðning við námið. Þessi hópur myndar leiðsöguhóp sem ætlað er að stuðla að samhengi í kennaranáminu og dýpkun í fræðilegri umræðu. Gengið er út frá stöðu kennaranemans hverju sinni og byggt á reynslu hans og væntingum. Leiðsögumenn leiða fræðilega umræðu í leiðsöguhópnum.

Leiðsögukennari er stuðningsmaður nemans, hann fylgist með framgangi kennaranema og námsmati, m.a. hvað varðar vettvangsnám. Hann byggir m.a. á þeim markmiðum sem kennaranemar setja sér fyrir hvert vettvangsnámstímabil og mati vettvangskennara.

Nánari tillögur um umfang og hlutverk leiðsögumanna í tengslum við vettvangsnám:

- Hittir leiðsöguhópin einu sinni á misseri.
- Fer yfir skil kennaranema úr námsmöppu í lok hvers misseris og gefur endurgjöf. Skilin geta verið skrifleg eða munnleg greinargerð nema.
- Tekur þátt í úrvinnslu mála sem upp kunna að koma í tengslum við vettvangsnám þeirra nema sem hann leiðsegir.
- Tekur þátt í fundum með verkefnisstjórum vettvangsnáms, umsjónarmönnum námskeiða og öðrum leiðsögumönnum a.m.k. einu sinni á ári.

Þar sem leiðsögukennarar/mentorar hafa mun víðara hlutverk heldur en verksvið þessa starfshóps nær til, er lagt til að þriggja manna hópi verði falið að móta hlutverkið frekar.

6.3. Tengsl við kennslugagnasafn KHÍ

Í hverjum heimaskóla verða tengiliðir sem halda utanum starf nemanna á vettvangi og taka þátt í reglubundnu samráði við umsjónaraðila í KHÍ. Hugmyndin er að Menntasmiðja leggi vettvangstengslunum lið m.a. með því að skapa aðstöðu fyrir verkefnisstjóra vettvangsnáms í kennslugagnsafninu til þess að taka á móti kennaranemum, umsjónarkennurum í KHÍ og kennurum úr heimaskólunum, a.m.k. þeirra sem eru í Reykjavík og nágrenni. Þar verður nokkurs konar miðstöð samstarfs KHÍ og heimaskólanna. Ennfremur mætti kanna möguleika á samstarfi kennslugagnsafns og símenntunarmiðstöðva og/eða háskólasetra á landsbyggðinni vegna samskipta við heimaskóla á landsbyggðinni.

Í kennslugagnsafninu er að finna öll helstu kennslugögn sem notuð eru á grunnskólastigi og fjölmörg gögn sem nýtt eru í leikskólum, þ.á.m. barnabækur, spil, leikir og tónlist. Auk þess er þegar til vísir að rafrænu kennslugagnsafni. Allt umhverfi í safninu er aðlaðandi og er þess að vænta að gestir sjái í hverri heimsókn eitthvað nýtt og spennandi auk þess sem Gegnir, sem allstaðar er aðgengilegur, gerir öllum mögulegt að komast að raun um hvað til er. Kennarar af vettvangi eru alltaf velkomnir og væri ánægjulegt ef gögn safnsins nýttust þeim ennþá meira en verið hefur. Samningi heimaskóla við KHÍ fylgir aðgangsskírteini að bókasafni KHÍ fyrir tengiliði og vettvangskennara og viljayfirlýsing frá safninu um ráðgjöf og kynningar. Vonir eru bundnar við að þetta nýja fyrirkomulag verði til að styrkja tengsl Kennaraháskólans við vettvang enn frekar en verið hefur.

6.4. Munur á vettvangsnámi og vettvangstengingu

Gerður er greinarmunur á *vettvangstengingu* annars vegar og *vettvangsnámi* hins vegar. *Vettvangsnám* er einingabær hluti námskeiða um kennslu- og menntunarfræði og námskeiða innan sérsviðs/kjörsviðs. Þar fer fram undirbúningur fyrir vettvangsnám og þar gefst kennaranemum tækifæri til að skoða reynslu sína af vettvangi skólans í fræðilegu ljósi.

Vettvangstengingar eru ekki sérstaklega taldar í einingum en öll námskeið eiga engu að síður að gera ráð fyrir einhverjum tengslum við vettvang. Þessar tengingar geta verið með ýmsu móti, t.d. upplýsingaöflun í sögulegu, kennslufræðilegu eða aðferðafræðilegu samhengi eftir því sem hentar hverju sinni. Svigrúm fyrir frumkvæði frá heimaskólum er mikilvægt þannig að þeir hafi tækifæri til að miðla til kennaranema sterkum þáttum í starfi skólanna sem stjórnendur og kennarar telja mikilvæga í menntun kennara. Í fylgiskjali 6 eru talin upp nokkur dæmi um útfærslu á vettvangstengingum til að útskýra frekar við hvað er átt og stuðla að fjölbreytni.

6.5. Vettvangsnám í 5 ára kennaranámi

Hópnun var ekki ætlað að setja fram hugmyndir að útfærslu vettvangsnáms í fimm ára kennaranámi. Þar sem fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um fimm ára kennaranám var það rætt og settar fram tillögur að útfærslu sem hafa mætti til hliðsjónar þegar kemur að því að ræða vettvangsnám í fimm ára kennaranámi.

Hópurinn leggur til að stærsti hluti vettvangsnáms í M.Ed. hluta námsins, verði svo kallað *kandidatsmisseri* þar sem vettvangsnám verði ígildi 30 eininga. Þær komi til viðbótar þeim 24 einingum sem eru skilgreindar sem lágmark í grunnnámi. Útfærsla gæti t.d. verið með eftirfarandi hætti:

- Kennaranemar verði fjóra daga í viku á vettvangi þar sem þeir sinna bæði kennslu og rannsóknnum á skólastarfi og mæti síðan einn dag í viku í háskólann þar sem unnið er að tengslum fræða við reynslu af vettvangi. Kennaranemar fá tækifæri og leiðsögn við að vinna úr fenginni reynslu og stuðning við að undirbúa vettvangsvinnuna.,
Vettvangsnámið verði ígildi 20 eininga námskeiðs en dagurinn í Kennaraháskólanum verði ígildi 10 eininga námskeiðs.

Fleiri útfærslur mætti hugsa sér. Fyrirkomulag í námskeiði á leikskólaleið um vettvangstengt val gæti verið fyrirmynd þar sem kennaranemar efla færni sína í rannsóknartengdum vinnubrögðum og vinna í samstarfi við leikskólana að nýbreytni eða þróunarstarfi. Jafnframt kemur til greina að kandidatsmisserið verði að hluta til starfendarannsókn og þá tengt námskeiði um starfendarannsóknir í framhaldsnámi.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur til að vinna að nánari útfærslu á kandidatsmisseri í fimm ára kennaranámi. Hópurinn fjalli m.a. um tengsl við vettvangsnám í grunnnámi, hvenær í námi væri heppilegt að hafa slíkt misseri, tengsl við heimaskóla og hlutverk ýmissa aðila sem málinu tengast. Athuga þarf sérstaklega tilhögun vettvangsnáms hjá þeim kennaranemum sem starfa við kennslu meðfram námi eða hafa langa reynslu af kennslu og eru að bæta við sig meistaranámi. Þetta á reyndar einnig við um nema í námi til B.Ed gráðu en í nýrri könnun starfshóps um fjarnám (Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008) kemur fram að 83% fjarnema í grunnskólakennarafræðum vinna yfir 50% starf með námi og 72% þeirra sem vinna með námi eru í kennslustörfum. Á leikskólaleið vinna um 90% nema í fjarnámi með námi og 98% þeirra vinna við uppeldis- og kennslustörf.

6.6. Vettvangsnám í kennsluréttindanámi

Nauðsynlegt er að fjalla sérstaklega um vettvangsnám í kennsluréttindanámi bæði á bakkalár- og meistarastigi. Vegna sameiningar KHÍ og HÍ þarf að taka þetta til sérstakrar athugunar en kennsluréttindanam byggir á langri reynslu við HÍ þar sem þróað hefur verið vettvangsnám á svipuðum grundvelli og hér er lagt til. Það felur m.a. í sér að nokkrir framhaldsskólar hafa tekið að sér að vera heimaskólar. Því er lagt til að fyrirkomulag í sambærilegu námi við HÍ verði haft til hliðsjónar. Nemar í kennsluréttindanámi á bakkalárstigi sem ætla sér að starfa í grunnskólum fái heimaskóla og vettvangsnám með svipuðu sniði og aðrir kennararnemar. Mikilvægt er að skilgreint verði starf innan KHÍ sem hafi það hlutverk að halda utanum vettvangsnám í kennsluréttindanámi á sama hátt og í námi til B.Ed.-gráðu.

6.7. Helstu tillögur um umfang og fyrirkomulag

Tillaga 12

Vettvangsnám í námi til B.Ed gráðu verði áfram að lágmarki 24 ECTS einingar en vettvangstengingar verði í öllum námskeiðum. Koma skal fram í námskeiðslýsingum hvernig vettvangsnámi og vettvangstengingum er fyrir komið. Áfram verði gerður greinarmunur á vettvangsnámi og vettvangstengingum.

Tillaga 13:

Verkefnisstjórar KHÍ um vettvangsnám hafa yfirumsjón með vettvangsnámi í námi til B.Ed.-gráðu. Stefnt skal að því að jafnframt verði verkefnisstjóra falin umsjón með vettvangsnámi í kennsluréttindanámi.

Tillaga 14:

Allir kennaranemar fá mentor /leiðsagnarkennara úr hópi kennara við KHÍ við upphaf námstímans. Lagt er til að skipaður verði hópur sem mótar hlutverk þeirra.

Tillaga 15:

Bókasafn KHÍ og þá sérstaklega kennslugagnasafn verði nýtt í þágu samstarfsins, þar fari m.a. fram fundir með tengiliðum auk þess sem verkefnisstjórar hafi þar aðstöðu til að hitta nema o.fl. Kannður verði möguleiki á samstarfi kennslugagansafns og símenntunarmiðstöðva og/eða háskólasetra á landsbyggðinni vegna þessa verkefnis.

Tillaga 16:

Stærsti hluti vettvangsnáms í M.Ed. hluta námsins, verði svo kallað kandidatsmisseri (ígildi 30 ECTS) a.m.k. fyrir þá sem eru í fimm ára kennaranámi. Tekið verði tillit til þeirra sem eru í starfi meðfram námi eða hafa langa reynslu af starfi í útfærslu vettvangsnáms þeirra.

Tillaga 17:

Unnar verði sambærilegar tillögur um vettvangsnám í kennsluréttindanámi þar sem tekið verði mið af núverandi skipulagi vettvangsnáms bæði í HÍ og KHÍ.

7. Að stuðla að gæðum vettvangsnáms

Það var ekki skilgreint hlutverk starfshópsins að ræða um gæði í tengslum við vettvangsnám. Hópurinn taldi engu að síður nauðsynlegt að ræða þann þátt.

Til að stuðla að sem mestum gæðum er lagt til:

- Að stofnaður verði starfshópur kennara KHÍ, verkefnisstjóra og tengiliða sem hafi það hlutverk að skilgreina viðmið um gæði í vettvangsnámi. Hópurinn dragi fram meginhlutverk vettvangsnáms og einkenni á góðu vettvangsnámi sem gæti orðið grundvöllur að mati.
- Að verkefnisstjórar afli gagna frá kennaranemum eftir hvert skólaár um reynslu sína af vettvangi. Tegund og eðli gagnanna verði ákveðin í samstarfi við tengiliði og umsjónarmenn námskeiða. Ennfremur verði hafðir í huga möguleikar á starfendarannsóknum í samstarfi tiltekinna skóla og KHÍ.
- Að Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf við KHÍ standi fyrir námskeiðum fyrir tengiliði og vettvangskennara um það að annast menntun kennaranema á vettvangi. Jafnframt verði skoðað hvort möguleiki sé að veita kennurum viðurkenningu sem vettvangskennari. Þriggja manna hópi, sem skipaður verði fulltrúum bæði frá KHÍ og heimaskólum verði falið að útfæra þessi námskeið bæði hvað varðar innhald og kostnað.
- Gerð verði úttekt á námskeiðum í KHÍ m.t.t. vettvangsnáms og vettvangstenginga með reglubundnum hætti.

7.1. Viðhorf nema til veru í heimaskólum á 1. misseri

Eftir fyrstu skólaheimsókn nema á 1. misseri á grunnskólaleið haustið 2007 í heimaskólana sína, sem var 12. – 16. nóvember, voru viðhorf þeirra könnuð.

Spurningalisti var lagður fyrir alla nemendur. Náði hann yfir tólf atriði sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til. Listinn var lagður fyrir í þeim tilgangi að fá fram almenn viðhorf nemanna til skipulags þessarar fyrstu heimsóknar í heimaskóla og til að meta þessa fyrstu reynslu af nýju fyrirkomulagi vettvangsnáms. Þetta var gert með það í huga að kennarar við KHÍ og tengiliðir heimaskólanna geti þróað verkefnið áfram og metið jafnóðum hvar skórinn kreppir. Tilgangurinn var einnig að meta notagildi matskvarðans og halda áfram að þróa hann.

Í töflunni hér að neðan má sjá meðaltöl allra atriða matskvarðans. Notaður var fimm stiga matskvarði þar sem nemendur voru beðnir að draga hring um viðeigandi tölu, 5 merkti í mjög góðu lagi, en 1 merkti ábótavant. Þeim gafst einnig kostur á að skrá athugasemdir við hvert atriði. Ekki er gerð grein fyrir þeim hér, en þær verða eingöngu notaðar til stuðnings við að þróa heimaskólaverkefnið áfram.

Tafla 1. Heildarniðurstöður spurningalista um fyrstu reynslu af heimaskóla.

Atriði sem spurt var um	Meðaltal (kvarði 1-5)	Staðalfrávik
1. Móttökur við upphaf heimsóknar	4,7	0,62
2. Viðmót stjórnenda skólans	4,7	0,61
3. Viðmót kennara og annars starfsfólks	4,6	0,61
4. Tækifæri til náms sbr. námsáætlun í námskeiðinu <i>Nám og kennsla: Inngangur</i>	4,0	1,05
5. Utanumhald / eftirfylgd af hálfu skólans yfir vikuna, t.d. eftirlit með viðveru kennaranema	3,9	1,13
6. Leiðsögn / leiðbeiningar af hálfu skólans	4,0	1,01
7. Aðgengi að upplýsingum og gögnum um starfsemina	4,3	0,92
8. Afdrep / aðstaða kennaranema til úrvinnslu, skráningar...	4,0	1,18
9. Umhverfið, aðgengi að skólabyggingu, bílastæði...	4,3	0,84
10. Aðstaða og móttökur á kaffistofu / kennarastofu	4,6	0,71
11. Að hvaða marki hæfir starf skólans áherslum mínum og áhuga í kennaranámi?	4,1	1,00
12. Almenn reynsla mín af heimaskólanum eftir fyrstu kynni, miðað við væntingar sem ég hafði áður en ég fór á vettvang	4,3	1,02

Af niðurstöðunum má ráða að reynsla nemanna af fyrstu heimsókn í heimaskóla var nánast undantekningarlaust jákvæð. Þó má greina nokkur atriði sem mega betur fara. Sjá má t.d. á meðaltölum og dreifingu svara við atriðum 5, 6 og 8 að þar eru e.t.v. þættir sem mætti huga betur að. Þessi atriði varða m.a. utanumhald, eftirfylgd eða leiðsögn,

ennfremur virtist sem ýmsir telja skorta aðstöðu til að sinna úrvinnslu og skráningum mætti vera betri.

Það skal áréttað hér að listinn var lagður fyrir nemendur á fysta ári í kennaranámi og því ástæða til að taka ýmis svör með fyrirvara sökum takmarkaðrar forþekkingar þeirra á aðstæðum og skipulagi í skólum.

7.2. Helstu tillögur um mat á gæðum vettvangsnáms

Tillaga 19

Tengiliðum og vettvangskennurum verði boðið upp á námskeið um menntun kennaranema á vettvangi. Skipaður verði hópur til að útfæra þessi námskeið nánar.

Tillaga 20

Til að stuðla að sem mestum gæðum í vettvangsnámi verði m.a. skilgreind viðmið um gæði, gerðir verkferlar, safnað reglubundnum upplýsingum, skoðuð útfærsla vettvangsnáms og tenginga í námskeiðum KHÍ.

8. Fjármál

Kennaraháskóli Íslands greiðir heimaskóla fyrir að taka að sér kennaranema. Þar með hættir KHÍ að greiða laun til einstakra kennara. Um er að ræða jafnaðargreiðslu, 150 þús. krónur miðað við nógildandi verðlag fyrir hvern kennaranema í þrjú ár, sem er svipuð upphæð og Kennaraháskólinn hefur greitt til þessa þótt í öðru formi sé. Greitt er eftir hvert misseri kr. 25 þús. fyrir hvern nema, óháð því hversu mikið hann er í skólanum. Það er ákvörðun hvers skóla hvernig upphæðin er nýtt innan skólans. Upphæðin er greidd sem þróunarstyrkur til skólans sem gefur skólastjóra svigrúm til að nýta hann til að greiða laun til kennara eða til að greiða fyrir ákveðnum þróunarverkefnum innan skólans. Upphæðin er miðuð við að útgjöld KHÍ fyrir þetta verkefni hvorki aukist né dragist saman við þessa breytingu.

9. Að lokum

Hér hefur verið lýst tillögum starfshóps um vettvangsnám sem brautarstjórn kennarabrautar skipaði í byrjun september 2007. Tilfnið var breytt skipan vettvangsnáms samfara breyttri skipan kennaranáms í KHÍ. Þegar hópurinn tók til starfa höfðu fyrstu skrefin verið stigin þar sem búið var að gera samninga við um 80 leik- og grunnskóla um að vera heimaskólar ákveðins hóps kennaranema. Starfshópurinn einsetti sér að fjalla heildrænt um vettvangsnám og ná utanum sem flesta þætti. Það kann að hafa orðið til þess að sumir sakni nánari útfærslu á framkvæmd ýmissa þeirra tillagna sem settar eru fram í þessari greinargerð. Sumar tillagnanna þurfa að fá tíma til að þróast eftir því sem reynsla verður til en aðrar þarfnast frekari ígrundunar og vinnu og er þá lagt til að stofnaðir verði starfshópar til að vinna nánari tillögur.

Yfirlit yfir helstu tillögur er að finna fremst í þessari skýrslu, en um þær er fjallað í meginmáli skýrslunnar. Þær beinast einkum að því að styrkja samstarf KHÍ og starfsvettvangs um kennaramenntun með gagnkvæman ávinning og ábyrgð að leiðarljósi. En tillögunum er jafnframt ætlað að skýra boðleiðir og verkferla um eitt og annað sem tengist vettvangsnámi og samskiptum við heimaskóla.

Starfshópurinn var stór og skipaður fólki með ólíkan bakgrunn og sjónarmið sem endurspegladist í frjórri umræðu og virkri þátttöku allra í störfum hópsins. Hann skilar tillögum sínum til brautarstjórnar kennarabrautar sem ákveður næstu skref í vinnunni. Það er von fulltrúa starfshópsins að þessi vinna nýtist sem framlag í áframhaldandi þróun kennaramenntunar.

Heimildir og tengt lesefni:

- Auður Torfadóttir. (2005). Gildi ígrundunar í kennaranámi. Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (Ritstj.), *Nám í nýju samhengi. Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005* (bls. 65–76). Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Auður Torfadóttir, Erla Kristjánsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Karl Jeppesen, Kristín Viðarsdóttir og Páll Ólafsson. (1997). *Tillögur að framtíðarskipan vettvangsnáms B.Ed.-skorar. Skýrsla vinnuhóps deildarráðs kennaramenntunardeildar Kennaraháskóla Íslands*. Óbirt handrit. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Bryndís Garðarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2004). Greinargerð vegna vettvangsnáms 2003 – 2004. Óbirt handrit. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Cochran-Smith, M., & Lytle, S. L. (1999). Relationships of Knowledge and Practice: Teacher Learning in Communities. *Review of Research in Education*, 24(1), 249-305.
- Cole, M. (2006). The fifth dimension. An after school program built on diversity. New York: Russel Sage Fondation.
- Darling-Hammond, L. (2006). Constructing 21st-century Teacher Education. *Journal of Teacher Education*, 57(3), 300-314.
- Dysthe, O., & Engelsen, K. S. (2004). Portfolios and assessment in teacher education in Norway: a theory-based discussion of different models in two sites. *Assessment & Evaluation in Higher Education*, 29(2), 239-248.
- Dysthe, O., Engelsen, K. S., & Lima, I. (2008). Variations in higher education portfolio assessment. Discussion of quality issues based on a survey in Norway across institutions. *Assessing Writing*, 12(2).
- Edwards, A. (1998). Mentoring Student Teachers in Primary Schools: assisting student teachers to become learners. *European Journal of Teacher Education*, 21(1), 47.
- Edwards, A., Gilroy, P., & Hartley, D. (2002). *Rethinking Teacher Education. Collaborative response to uncertainty*. London: RoutledgeFalmer. Taylor & Francis Group.
- Edwards, A., & Protheroe, L. (2003). Learning to See in Classrooms: what are student teachers learning about teaching and learning while learning to teach in schools? *British Educational Research Journal*, 29(2), 227.
- Edwards, A., & Protheroe, L. (2004). Teaching by proxy: understanding how mentors are positioned in partnerships. *Oxford Review of Education*, 30(2), 183-197.
- Furlong, J., Barton, L., Miles, S., Whiting, C., & Whitty, G. (2000). *Teacher education in transition: Reforming professionalism*. Buckingham: Open University Press.
- Garmon, M. Arthur. (2001). Benefits of dialouge journals: What prospective teachers say, *Teacher education quarterly*. Sótt 19.11. 2007 af http://findarticles.com/p/articles/mi_qa3960/is_200110/ai_n8957231
- Hafþór Guðjónsson. (2005). Hvernig ætti að búa kennaranema undir kennslu námsgreina? Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (Ritstj.), *Nám í nýju samhengi. Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005* (bls. 119–128). Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Ingvar Sigurgeirsson, Anton Bjarnason, Brynhildur Briem, Elín Jóna Þórsdóttir, Sigríður Pétursdóttir, Sigríður K. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir. (2002). *Skipulag*

- vettvangsnáms í grunndeild Kennaraháskóla Íslands*. Óbirt handrit. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Paulson, F. L., Paulson, P. R., & Meyer, C. A. (1991). What makes a portfolio a portfolio? *Educational Leadership*, 48(5), 60-63.
- Hafþór Guðjónsson (2007). Að kenna í ljósi fræða og rannsókna. Tímarit um menntarannsóknir. 4, 39-56.
- Herberg, E. B. og Helga Jóhannsdóttir. (2007). Kunnskap og læring í praksis. Fra student til profesjonell sosialarbeider. Oslo: Universitetsforlaget
- Lave, J. (1997). Learning, apprenticeship, social practice. *Nordisk Pedagogik. Journal of Nordic Educational Research*, 17(3), 140-151.
- Korthagen, F. A., & Kessels, J. P. A. M. (1999). Linking Theory and Practice: Changing the Pedagogy of Teacher Education. *Educational Researcher*, 28(4), 4-17.
- Lave, J. og Wenger, E. (1991). *Situated learning: Legitimate peripheral participation*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lilja M. Jónsdóttir. (2005). „Það vantar einn áfanga sem ég hef kallað Bland í poka 107“. Viðhorf byrjenda í grunnskólakennslu til kennaranáms síns – ári síðar. Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (Ritstj.), *Nám í nýju samhengi. Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005* (bls. 151–165). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Mayes, C. (1998). The Holmes reports: perils and possibilities. *Teaching and Teacher Education*, 14(8), 775-792.
- Ragnhildur Bjarnadóttir (2005). Hvers konar hæfni á að efla með kennaranemum? Fræðileg sjónarhorn og sýn kennaranema í KHÍ. Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (Ritstj.), *Nám í nýju samhengi. Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005* (bls. 175–186). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ramboll management. (2007). *Når kunnskap gir resultater. Kartlegging av praksisopplæringen i lærerutdanningene. Sluttrapport*. Oslo: Kunnskapsdepartementet. Universitets- og høyskoleavdelingen. Document Number) sjá http://www.regjeringen.no/Upload/KD/Vedlegg/UH/Rapporter_og_planer/Rapport_kartlegging_praksisopplaeringen.pdf
- Rosenquist, I. og ónafngreindur starfshópur í Kennaraháskólanum í Malmö (2003). *På väg mot läraryrket, Den verksamhetsförlagda tiden i lärarutbildningen*. Malmö: Malmö högskola, Lärarutbildningen.
- Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímannsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands. Skipulag á staðlotum og leiðir til að draga úr brottfalli*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigríður Pétursdóttir. (2007). Vettvangsnám á grunnskólabraut í Kennaraháskóla Íslands. Viðhorf kennaranema og viðtökukennara. Óbirt ritgerð til M.Ed gráðu. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Wenger, E. (1998). *Communities of practice. Learning, meaning and identity*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Þuríður Jóhannsdóttir. (2005). Fjarnám sem lykill að þróun. Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal & Þuríður Jóhannsdóttir (Ritstj.), *Nám í nýju samhengi. Erindi á*

málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands (pp. 203-212).
Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
Þuríður Jóhannsdóttir. (2007). Spjallfrelsi. Í Gunnar Þór Jóhannesson (Ritstj.),
Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007 (bls.
771-781). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vefsíður:

Skýrsla frá Noregi nóv 2007

http://www.regjeringen.no/Upload/KD/Vedlegg/UH/Rapporter_og_planer/Rapport_kartlegg_ging_praksisopplaeringen.pdf

Partnerskap í Bergen

<http://www.uib.no/ipp/partnerskole.htm>

Svíþjóð

<http://www.regeringen.se/sb/d/108/a/2645>

Ákvörðun námsnefndar kennarabrautar um vettvangsnám
16. janúar 2007

Á fundi sínum 16. janúar 2007 fjallaði námsnefnd kennarabrautar um tillögur að vettvangsnámi í nýju kennaranámi sem unnar voru af Sigríði Pétursdóttur og Sigríði K. Stefánsdóttir. Niðurstaða námsnefndar er á þessa leið:

1. Svigrúm til vettvangsnáms

Á hverju haustmisseri verður gert tveggja vikna hlé á kennslu og á hverju vormisseri verður gert þriggja vikna hlé á kennslu til að skapa svigrúm fyrir vettvangsnám. Hvert svið nýtir svigrúmið eins og skynsamlegast er talið á hverju sviði. Heimilt er að skipuleggja vettvangsnám utan þessa tíma ef aðstæður leyfa, enda er almenna markmiðið að skapa svigrúm til að hægt sé að hrinda margvíslegum hugmyndum í framkvæmd.

2. Magn vettvangsnáms

Í bláu námskeiðunum sem samtals eru 15 einingar skal vettvangsnám vera að lágmarki 3 einingar og að hámarki 6 einingar.

Í gulu námskeiðunum sem samtals eru 40 einingar skal vettvangsnám vera að lágmarki 6 einingar og að hámarki 8 einingar.

Í B.Ed.-námi skal vettvangsnám að lágmarki vera 12 einingar en breytilegt getur verið eftir sviðum hversu mikið vettvangsnámið er.

Miðað skal við að hver eining í *vettvangsnámi* sé 30 stundir á vettvangi og þar að auki undirbúningur og úrvinnsla sem gera má ráð fyrir að taki 15 til 20 stundir.

3. Fyrirkomulag

Hugmyndinni um heimaskóla verður hrint í framkvæmd. Vísað er til útfærslu í tillögum frá Sigríði og Sigríði.

4. Leiðsögn

Hver kennaranemi fær leiðsögumann úr hópi kennara við KHÍ. Hver leiðsögumaður getur haft allt að 10 nema á sínum snærum. Leiðsögumaðurinn skal bjóða eitt hópviðtal á hverju misseri fyrir sinn hóp en auk þess geta nemar óskað eftir að funda einslega með sínum leiðsögumanni. Um hlutverk leiðsögumanns er vísað til tillagna Sigríðar og Sigríðar.

5. Námsmat

Hver nemi þarf að safna gögnum um vettvangsnám sitt í matsmöppu. Hugleiðingum og ritsmíðum hverskonar skal safna í starfræna möppu en áþreifanlega hluti skal safna saman og varðveita með öðrum viðeigandi hætti. Nánari útfærsla verður í höndum umsjónarmanna vettvangsnáms.

Úr fundargerð sameiginlegs fundar deildarráða 24. apríl 2007

1. dagskrárliður b: Náms- og kennsluskrá 2007 – 2008.

b) Vettvangsnám í kennaranámi. Hver er staðan? Hvað er framundan?

Deildarforseti lagði fram samantekt yfir stöðu mála:

Lögð hefur verið áhersla á eftirfarandi atriði (sjá plögg frá 14.12.06, 16.01.07, 13.04.07):

i) *Leiðsögn / mentorar úr hópi kennara í KHÍ*. Ætlað að veita nemendum stuðning við að flétta saman fræði og starfsreynslu á markvissan hátt (14.12.06). Markmið: aukið faglegt og persónulegt öryggi nemenda. Framkvæmd: 10 nemendur á mentor.

Undirbúningsvinna, heimsóknir í skóla, fundur (einn eða fleiri) með hópi, möguleikar á einstaklingsviðtölum.

Verið er að huga að kostnaði og nánari útfærslu á starfi mentora.

ii) *Námsmappa / portfolio*. Nemendur halda saman öllum gögnum sem sýna framvindu vettvangsnámsins. Markmið að mynda grunn fyrir námsmat, og samfelli í námi einstaklinga.

iii) *Heimaskólar*. Grunn- eða leikskóli sem kennaranemi hefur aðgang að á námstímanum.

Markmiðið er að auka skilning nemenda á skólastarfi og virka þátttöku þeirra í starfinu.

M.a. er vísað til góðrar reynslu í HÍ. Byrjað er að athuga þetta mál.

iv) *Fyrirkomulag vettvangsnáms*. Að lágmarki verða 12 einingar ætlaðar í vettvangsnám. Þær dreifast á „blá og gul“ námskeið skv. ákveðinni tillögu (14.12.06) Tímalegt svigrúm: Tveggja vikna kennsluhlé á hausti, og þriggja vikna kennsluhlé á vori.

Deildarforseti lagði fram tillögu um að deildarráð styddi eftirfarandi tillögur um framhald á mótun vettvangsnáms í nýju námi:

Litið er á þá vinnu sem þegar hefur farið fram sem fyrsta skref í mikilvægu vinnuferli.

Hugsanlega sem tilraun sem verður endurskoðuð reglulega.

_ Mynda þarf vinnuhóp sem heldur utan um ferlið.

_ Huga þarf betur að hlutverki mentora. Þeir eiga að hefja sig yfir afmörkuð vandamál sem upp koma í vettvangsnámi. Þeim er ætlað að huga að þáttum eins og fagmennsku og sérfræðiþekkingu kennara, spurningum um gildismat og lýðræði í skólastarfi, og samþættingu persónulegra og faglegra þátta í menntaferli kennaranema.

_ Huga þarf að þessum heildarmarkmiðum í starfi mentora og með vettvangsnámi, og einnig að markmiðum sem tengjast einstökum misserum.

_ Huga þarf að stuðningi við hlutverk mentora. Þ.e. að stutt námskeið og samráðsfundur séu hluti af vinnu þeirra.

_ Deildarráð leggur til að á haustmisseri verði haldið málþing (seminar) þar sem fjallað er um fræðilega sýn á vettvangsnám og þátt þess í kennaranámi, og einnig um rannsóknir á námi á vettvangi/starfi. Einnig verði stuðlað á annan hátt að faglegri umræðu um vettvangsnám.

_ Skilgreina þarf vel muninn á vettvangstengingu og vettvangsnámi. Koma þarf vel fram í námskeiðslýsing

Samningur

um samsstarf um kennaramenntun

Kennaraháskóli Íslands kt. 690169 - 2159 og xxxxxxxx kt. gera með sér svohljóðandi samning.

1. gr.

Xxxxskóli veitir allt að xx nemum í B.Ed.- námi við Kennaraháskóla Íslands aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi. Um getur verið að ræða æfingakennslu, kynnisheimsóknir, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athuganir á skólastarfi o.fl. Kennarar skólans leiðbeina kennaranema á vettvangi og taka þátt í mati á frammistöðu hans.

2. gr.

Xxxxskóli tilnefnir tengilið sem er samstarfsaðili KHÍ fyrir hönd skólans. Hann hefur yfirsýn yfir þann hóp kennaranema sem hafa skólann sem sinn heimaskóla. Tengiliður kemur jafnframt á framfæri óskum heimaskóla um samstarf á breiðari grunni t.d. um t.d. um kennslu í faggreinum, samstarf um þróunar

3. gr.

Skólinn fær staðfestingu á því að hann sé samstarfsaðili Kennaraháskóla Íslands um menntun kennara. Kennaraháskólinn greiðir samstarfsskóla þróunarstyrk sem nemur 50 þús. kr. á ári að jafnaði fyrir hvern nema í fullu námi. Uppgjör fer fram eftir hvert misseri. Auk þess eiga þeir kennarar sem annast kennslu nemanna þess kost að fá aðgangskort að safni KHÍ án endurgjalds.

4. gr.

Þess er vænst að tengsl samstarfsskóla og Kennaraháskóla Íslands skapi möguleika á samstarfi á breiðari grunni t.d. um kennslu faggreina, samstarf um þróunarverkefni eða rannsóknir. Báðir aðilar eru opnir fyrir að þróa slíkt samstarf samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Jafnframt er æskilegt að heimaskólar hafi með sér samstarf til reynsla kennaranema verði ekki of einhæf og að þeir geti kynnst fleiri skólum á námstímanum.

5. gr.

Ef aðstæður breytast á samningstímanum eða að vandi kemur upp í samskiptum skóla og einstakra kennaranema skal gera verkefnisstjóra vettvangsnáms við Kennaraháskóla Íslands viðvart sem gerir viðeigandi ráðstafanir. Ennfremur gerir tengiliður verkefnisstjóra viðvart ef hann telur að heimaskólinn geti ekki komið til móts við þarfir ákveðinna nema.

6. gr.

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Báðir aðilar geta sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Dags. _____

skólastjóri xxx skóla

rektor Kennaraháskóla Íslands

Ferill um val á heimaskóla og vinnu á 1. misseri
Ábyrgð: Sigríður K. Stefánsdóttir og Sigríður Pétursdóttir

	Aðgerð	tími	hver framkvæmir
1	Sent bréf / tölvubréf til allra leik- og grunnskóla sem ekki eru þegar með samning, þar sem óskað eftir umsóknum um að verða heimaskóli frá og með næsta skólaári. Gefin frestur 4 vikur.	apríl	Forstöðumaður / verkefnisstjóri
2	Tekið við umsóknum og þær metnar	maí	verkefnisstjóri
3	Skólum svarað og gerð grein fyrir næstu skrefum.	júní	Forstöðumaður / verkefnisstjóri
4	Safnað upplýsingum um kjörsvið / sérstakt áhugasvið, óskum um staðsetningu	ágúst	verkefnastjóri
5	Stúdentum úthlutaður heimaskóli eftir kjörsviði / staðsetningu og áhugasviði, birt á vef.	ágúst /september	verkefnisstjóri
6	Boðað til upplýsinga og kynningafundar með tengiliðum og kennurum á misserinu.	september	Verkefnisstjóri / forstöðumaður
7	Skrifað undir samninga við nýja heimaskóla.	September / október	Verkefnisstjóri / forstöðumaður / rektor
8.	Stúdentar stofna námsmöppu	september /október	Verkefnisstjóri / umsjónarkennarar á kennslufræðinámsk.
9	Fundur með kennurum á misserinu og tengiliður / skólanna		
10	Stúdentar skrá hugmyndir sínar um skólastarf og faglega sjálfsmynd í námsmöppuna.	október	Kennarar á kennslufræðinámskeiði
11	Stúdentar fara í vettvangsnám	nóv?	
12	Stúdentar skrá reynslu sína í námsmöppu	Nóv /des	Kennarar á kennslufræðinámskeiðum
13	Safnað gögnum um reynslu stúdenta	nóv	verkefnisstjóri
14	Boðað til fundar með tengiliðum og umsjónarkennurum námskeiða á 2. misseri.	Nóv /des	verkefnisstjóri
15	Fjárhagslegt uppgjör við heimaskóla	Des /jan	verkefnisstjórar

DRÖG
Námssamningur

Námssamningur þessi er á milli nema og tengiliða. Hann grundvallast á samningi á milli heimaskóla og KHÍ frá 8. október 2007. Tengiliður skal sjá til þess að samkvæmt samningnum fái nemi „aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi“ og að „kennarar skólans leiðbeini kennaranema á vettvangi og taki þátt í mati á frammistöðu hans“

Nafn heimaskóla:

Nafn nema:

Nafn tengiliðar:

Samningur þessi felur í sér að:

- nemi skal sýna skólanum og starfinu sem þar er unnið virðingu og skilning og skal leggja sig fram í samskiptum við alla þá tengjast skólanum
- nemi er bundinn þagnarskyldu um allt er varðar málefni skólans og einstakinga innan hans
- nemi skal sýna áhuga, frumkvæði og ábyrgð í námi sínu og skal sýna stundvísi og háttsemi í hvívetna og taka leiðbeiningum
- nemi snýr sér til tengiliðar ef upp koma mál sem krefjast úrlausna (vandamál)

Mætingaskylda er í vettvangsnámið

Tengiliður er fulltrúi heimaskóla gagnvart samningi við KHÍ.

Tengiliður finnur nemanum námsstað og æfingakennara í skólanum og ber ábyrgð á að nema fái faglega leiðbeiningu og hvatningu og sér til þess að nemi geti framfylgt verkefnum sínum. Tengiliður skal hvetja nema, svo hann sýni áhuga, virkni og sjálfstæði og læri fagmennsku framar öllu

- Tengiliður sér um að nemi skrifi undir þagnareid og sýnir nema trúnað er varðar framgöngu hans í námi
- Tengiliður skal kynna nema reglur og gildi sem ríkja í skólanum, sem og markmið skólans
- Tengiliður hefur samband við verkefnisstjóra vettvangsnáms í KHÍ ef upp koma mál er krefjast úrlausnar (vandamál)
- Tengiliður sér um að viðvera nema í heimaskóla sé skráð
- Nemi og tengiliður koma sér saman um samskiptamáta varðandi skipulag viðveru
- Tengiliður sér um að koma námsmati til KHÍ

Undirskrift nema og tengiliðar

Fáein dæmi um vettvangstengingar

Í þeirri nýskipan náms sem Kennaraháskólinn er að móta felst sú hugmynd að tengsl við praksís sé með tvennu móti, annars vegar vettvangsnám, hins vegar vettvangstenging. Með vettvangsnámi er átt við veru og nám kennaranema út í skólum, þar sem þeir eru bæði að kynna sér skólastarfið í heild sinni og kennslu á því sviði eða þeirri námsgrein sem þeir hyggjast sérhæfa sig í.

Hugtakið vettvangstenging er enn sem komið er frekar óljóst. Þetta er eðlilegt, einfaldlega vegna þess að hér er um nýmæli að ræða sem þarf tíma til að þróast. Hér fyrir neðan eru settar fram fáeinar hugmyndir um vettvangstengingar, svona rétt til að ýta við fólki. Vonandi fjölgar hugmyndum um vettvangstengingar með tímanum þegar hið nýja nám fer að taka á sig skýrari mynd.

1. **Skráning reynslu.** Þegar nemendur fara út í skólana upplifa þeir eitt og annað. Hins vegar er hættan sú að það sem þeir upplifa, reynsla sem þeir verða fyrir, gleymist. Við vitum öll að það fennir oft fljótt yfir hið liðna. Því er mikilvægt, almennt séð, að nemendur séu duglegir að skrá það sem fyrir augu og eyru ber. Slík varðveitt atvik geta orðið þeim efniviður í frekari þælingar og auðveldað þeim tengingar við fræðigreinar.
2. **Verkefni** af ýmsu tagi. Með heimaskólunum skapast tækifæri til að þróa ný verkefni sem nemendur geta unnið á vettvangi eða í tengslum við vettvang. Hér gæti verið um að ræða stuttar kannanir, viðtöl við kennarara og /eða nemendur, skoðun á námsefni og öðrum námsgögnum.
3. **Dæmikennsla / örkennsla** (micro-teaching) þar sem nemar þjálfar sig með því að kenna samnemendum (innan KHÍ). Á náttúrufræðikjörsviði hefur þetta verið gert með því móti að nemendur (í pörum) fá að spreyta sig á því að kenna mjög afmarkað efni, t.d. ákveðið hugtak. Þeir byrja þá á því að kanna markmið í aðalnámskrá tengd hugtakinu, hvernig tekið er á efninu í námsbókum og búa síðan til kennsluáætlun (nota ákveðið form) sem þeir dreifa þegar þeir mæta í tíma þar sem þeir gefa síðan samnemendum sínum sýnishorn af því hvernig þeir gætu hugsað sér að kenna efnið. Að kennslu lokinni fer fram umræða um kennsluna. Kennslan er tekin upp svo nemarnir geti skoðað hana heima og fjallað um hana í sérstöku verkefni.
4. **Einstaklingskennsla.** Í sumum kennaraháskólum er lögð mikil áhersla á að nemendur fái tækifæri til að kenna einstaka nemendum eða aðstoða þá við nám. Rökin eru þau að með þessu móti öðlist neminn innsýn í hvernig nemendur hugsa og þá um leið uppgötva eða sjá skýrt að ekki hugsa allir eins. Slík reynsla getur verið ómetanlegt vegarnesti fyrir kennaranemann, sérstaklega ef hún er tekin upp á hljóðsnældu þannig að kennaraneminn geti farið yfir samskipti sín við nemandann og lært af þeim. Í þessu samhengi er líka vert að huga að því að kennaraneminn fái tækifæri til að *veita* þjónustu (ekki bara taka við henni). Vert er að skoða hvort heimaskólar myndu ekki

líta með velþóknun á slíkar athafnir og vinna með KHÍ að því móta slíkt og gera þannig úr garði að *allir* aðilar geti haft gagn af.

5. **Kennsla í litlum hópum.** Vel mætti hugsa sér að þetta yrði næsta skrefið í þjálfun kennaranemans, þ.e að hann fái fyrst tækifæri til að prófa að kenna einstaklingum og síðan litlum hópum. Rétt eins og einstaklingskennsluna mætti gjarnan taka slíka kennslu upp (á myndband eða hljóðsnældu) og taka hana síðan til ítarlegrar skoðunar í námskeiði.